



FJÖLSKYLDUDEILD
AKUREYRARBÆJAR

Fjölskyldudeild Akureyrar



Ársskýrsla 2016

Efnisyfirlit

1	ALMENNT UM FJÖLSKYLDUDEILD.....	3
1.1	STARFSFÓLK.....	3
2	ÚTGJÖLD 2016 OG HELSTU LYKILTÖLUR.....	5
3	STARFSEMI FJÖLSKYLDUDEILDAR	6
3.1	ÞRÓUNARVERKEFNI OG ÞJÓNUSTA.....	6
3.2	ASKJAN	6
3.3	MÁLAFLOKKUR FATLAÐRA.....	6
3.4	FRÆÐSLA.....	7
3.5	SAMVINNA VIÐ ÞROSKAHJÁLP	7
4	BARNAVERND.....	8
5	SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA VIÐ LEIK- OG GRUNNSKÓLA	14
6	FÉLAGSÞJÓNUSTA	22
6.1	ALMENN FÉLAGSÞJÓNUSTA.....	22
6.2	SÉRHÆFÐ FÉLAGSÞJÓNUSTA	33
7	SKÓGARLUNDUR	37
8	PLASTIÐJAN BJARG – IÐJULUNDUR	43

Nefndir og ráð


Barnaverndarnefnd

Baldur Dýrfjörð formaður
 Álfheiður Svana Kristjánsdóttir
 Júlí Ósk Antonsdóttir frá 15. mars 2016
 Sigrún Sigurðardóttir til 15. mars 2016
 Valur Freyr Halldórsson
 Elisabeth J. Zitterbart

Velferðarráð

Erla Björg Guðmundsdóttir formaður frá 6. desember 2016
 Sigríður Huld Jónsdóttir formaður til 6. desember 2016
 Róbert Freyr Jónsson
 Halldóra K. Hauksdóttir
 Svava Þórhildur Hjaltalín
 Valur Sæmundsson
 Guðrún K. Garðarsdóttir áheyrnarfulltrúi

Skipurit Fjölskyldudeildar



1 Almennt um Fjölskyldudeild

Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar veitir fjölbreytta ráðgjafarþjónustu á sviði barnaverndar, almennrar félagsþjónustu, sértækrar félagsþjónustu (málaflökkur fatlaðra) og sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla. Þjónustusvæðið er auk Akureyrar; Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit, Grýtubakkahreppur og Svalbarðsstrandarhreppur. Gerður hefur verið þjónustusamningur í málaflökki fatlaðra á milli þessara sveitarfélaga sem unnið er eftir en skv. samningum er Akureyrarbær leiðandi sveitarfélag og ber ábyrgð á rekstri allrar þjónustu í málaflökknum. Einnig er unnið eftir samningum um ráðgjafarþjónustu við sveitarfélögin en skv. þeim sinnir Fjölskyldudeild ráðgjafarþjónustu í barnavernd, almennri félagsþjónustu og sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla. Samstarf er á milli þessara sveitarfélaga um barnaverndarnefnd, barnaverndarnefnd Eyjafjarðar. Undir deildina heyra tveir vinnustaðir í málaflökki fatlaðra, Plastiðjan Bjarg/Iðjulundur (PBI) og Skógarlundur.

Fjölskyldudeild leggur áherslu á fjölskyldumiðaða nálgun, snemmtæka íhlutun og sveigjanleika í þágu notenda þjónustunnar.

Helstu þjónustubættir deildarinnar voru á árinu 2016

- ★ Barnavernd
- ★ Félagsþjónusta, almenn og sértæk
- ★ Sérfræðiþjónusta leik- og grunnskóla
- ★ Stoðþjónusta fyrir barnafjölskyldur
- ★ Starfsþjálfun og vernduð vinna - PBI
- ★ Hæfing og iðja - Skógarlundur – miðstöð hæfingar og virkni

1.1 Starfsfólk

Í árslok voru 27 starfsmenn á skrifstofu deildarinnar í 23,45 stöðugildum. Stöðugildum hafði þá fækkað um 3,3 á milli ára. Þess ber að geta að starfsmenn Öskjunnar fjölskyldustuðnings eru nú í fyrsta sinn taldir með. Um er að ræða tvo starfsmenn í 1,25 stöðugildum. Í ársbyrjun fluttist verkefnið Atvinna með stuðningi frá Fjölskyldudeild til Vinnumálastofnunar en með verkefninu fóru tveir starfsmenn í fullu starfi, Sigrún Hulda Steingrímsdóttir og Kristín Óladóttir. Auk þess lét Sigríður Jóhannesdóttir af störfum en hún var í 40% stafi og sinnti málum tengdum atvinnu og virkni í félagsþjónustunni. Í sérfræðiþjónustunni var heilum starfsmanni færra en árið áður og tveir sérkennsluráðgjafar minnkuðu við sig starfshlutfall niður í 90%. Annað skýrist af minnkuðu stöðuhlutfalli þeirra sem voru að koma úr fæðingarorlofi. Í Skógarlundi voru 17 starfsmenn í 14,3 stöðugildum og á Plastiðjunni Bjargi-Iðjulundi voru níu fastir starfsmenn auk 13 verkamanna en sjö þeirra voru á örorkuvinnusamningum.

Á árinu varð sú breyting að Þorleifur Níelsson félagsráðgjafi sem starfaði um árabíl í barnavernd hætti störfum en í hans stað var ráðinn Hafdís Erla Jóhannsdóttir Rist félagsráðgjafi. Aðrir sem komu til starfa voru Anna Sigríður Jónsdóttir félagsráðgjafi sem réðst í afleysingar í félagsþjónustunni og Þórdís Gísladóttir ráðgjafi sem kom inn í afleysingu í barnavernd.

Aðrar breytingar voru þær að Ingvaldur Sigurðardóttir sálfræðingur starfaði í sérfræðiþjónustunni allt árið, frá hausti í fæðingarorlofi Fannýjar Meldal og Hafdís Erla Jóhannsdóttir félagsráðgjafi leysti hana af til vors þegar hún fór sjálf í fæðingarorlof. Jóhanna Hjartardóttir félagsráðgjafi kom til baka úr fæðingarorlofi og Katrín Árnadóttir félagsráðgjafi fór í fæðingarorlof frá vorinu. Anna Sigríður Jónsdóttir leysti hana af.

Nýtt fólk er boðið velkomið til starfa og þeim sem kvöddu á árinu eru færðar bestu þakkir fyrir samstarfið og óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Í árslok 2016 voru stöðugildi á Fjölskyldudeild eftirfarandi:

Askjan - fjölskyldustuðningur	Stöðugildi 31.12.2015	Stöðugildi 31.12.2016
Elinborg Sigríður Freysdóttir ráðgjafi		0,75
Gyða Björk Aradóttir ráðgjafi		0,5
		Samtals 1,25
Barnavernd		
Árný Þóra Ármannsdóttir ráðgjafi	1,0	hætt
Áskell Örn Kárasón sálfræðingur, forstöðumaður barnaverndar	1,0	1,0
Hafðís Erla Jóhannsdóttir Rist félagsráðgjafi	1,0	0,25
Harpa Ágústsdóttir uppeldisráðgjafi	1,0	1,0
Jóhanna Hjartardóttir félagsráðgjafi	í barnsb.l	0,7
Ottó Karl Tulinius félagsráðgjafi	1,0	1,0
Þorleifur Kristinn Nielsson félagsráðgjafi	1,0	hættur
Þórdís Gísladóttir ráðgjafi		1,0
	Samtals 6,0	Samtals 4,95
Félagsþjónusta		
Anna Marit Nielsdóttir félagsráðgjafi, forstöðumaður félagsþjónustu	1,0	1,0
Anna Sigríður Jónsdóttir félagsráðgjafi		1,0
Fanney Jónsdóttir ráðgjafi í málefnum fatlaðra	1,0	1,0
Helga Alfreðsdóttir þroskaþjálf, ráðgjafi í málefnum fatlaðra	0,8	0,8
Katrín Árnadóttir félagsráðgjafi	0,9	í barnsb.l
Kristín Óladóttir starfsmaður í AMS	1,0	hætt
Selma Heimisdóttir félagsráðgjafi	0,9	0,9
Sigríður Jóhannesdóttir ráðgjafi í atvinnumálum	0,4	hætt
Sigrún Hulda Steingrímsdóttir náms- og starfsráðgjafi í AMS	1,0	hætt
Snjólaug Jóhannesdóttir félagsráðgjafi	1,0	1,0
	Samtals 8,0	Samtals 5,7
Sérfræðiþjónusta við leik- og grunnskóla		
Elva Haraldsdóttir sérkennsluráðgjafi í leikskólum	1,0	1,0
Elín Sigurbjörg Jónsdóttir sérkennsluráðgjafi í grunnskólum	1,0	0,9
Fanný Rut Meldal sálfræðingur	1,0	í barnsb.l.
Guðný Dóra Einarsdóttir sálfræðingur	1,0	1,0
Helga Vilhjálmsdóttir sálfræðingur, forstöðumaður sérfræðiþjónustu	1,0	1,0
Ingibjörg S. Hjartardóttir sálfræðingur	1,0	1,0
Ingveldur Sigurðardóttir sálfræðingur	1,0	1,0
Líney Helgadóttir sérkennsluráðgjafi í grunnskólum,	1,0	0,9
	Samtals 8,0	Samtals 6,8
Stjórnun og stoðþjónusta		
Anna Bryndís Sigurðardóttir sérfræðingur á skrifstofu	1,0	1,0
Bryndís Dagbjartsdóttir skrifstofustjóri	1,0	1,0
Guðrún Ólafía Sigurðardóttir framkvæmdastjóri	1,0	1,0
Karólína Gunnarsdóttir þjónustustjóri	1,0	1,0
Steinunn Benna Hreiðarsdóttir deildarfulltrúi	0,75	0,75
	Samtals 4,75	Samtals 4,75
	Samtals stöðugildi 26,75	Samtals stöðugildi 23,45

2 Útgjöld 2016 og helstu lykiltölur

Skipting fjármagns

Samanburður á útgjaldaliðum frá 2014 - 2016 á verðlagi hvers árs, allar tölur eru í þúsundum			
	2014	2015	2016
Skrifstofa fjölskyldudeildar	201.832	227.096	245.474
Fjárhagsaðstoð	151.870	144.824	144.670
Tilsjónarmenn	12.294	7.460	3.472
Askjan - fjölskyldustuðningur			7.321
Vistun á stofn. og heimilum	40.157	42.717	50.814
Meðferð unglunga utan stofnana PMT-O	5.344	1.837	2.187
Styrkir til náms og tækjakaupa	1.631	1.667	738
Plastiðjan Bjarg - Iðjulundur	107.936	98.733	88.949
Skógarlundur	122.525	125.186	128.294

Tafla 1

Ýmsar lykiltölur í starfsemi fjölskyldudeildar

	2014	2015	2016
Fjöldi tilkynninga í barnavernd	368	450	516
Fjöldi barna sem fá þjónustu frá barnavernd	315	321	315
Sérfræðiþjónusta, heildarfjöldi mála í grunnskólum	590	655	726
Sérfræðiþjónusta, heildarfjöldi mála í leikskólum	174	187	231
Heildarfjöldi námslegra og sálfræðilegra greininga		249	298
Fjöldi styrkþega í fjárhagsaðstoð	425	363	359
Fjöldi fatlaðra barna	157	168	170
Fjöldi fatlaðra barna með stuðningsfjölskyldur	31	36	36
Fjöldi þjónustutíma í Skógarlundi	53.067	48.880	45.869
Fjöldi þjónustutíma í verndaðri vinnu á PBI	17.035	12.406	8.854
Fjöldi þjónustutíma í starfsþjálfun á PBI	15.794	18.588	16.110

Tafla 2

3 Starfsemi Fjölskyldudeildar

3.1 Þróunarverkefni og þjónusta.

Unnið var að ýmsum samstarfs og þróunarverkefnum á árinu. Má þar nefna; „Meðan glugginn er opinn“ samstarfsverkefni með lögreglu um viðbrögð við heimilisofbeldi sem hófst árið 2015, samstarf við samfélags- og mannréttindadeild sem varðar m.a. aðild barnaverndar og sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla að úrræði sem heitir Skólasmiðjan og samstarf við forvarnarfulltrúa í málum unglunga sem sýna áhættuhegðun með andfélagslegu sniði. Áfram var unnið að innleiðingu á nýju verklagi við mat á einstökum barnaverndarmálum, sem nefnt er ESTER, í samvinnu við Barnaverndarstofu og samvinna var um MST-meðferð sem Barnaverndarstofa veitir á svæði Barnaverndarnefndar Eyjafjarðar.

Styrkur fékkst frá Lýðheilsusjóði til að rannsaka úrræðið „skólastyrk“ sem veitt er skv. reglum Akureyrarbæjar um fjárhagsaðstoð. Skoðað verður hvaða fjárhagsleg og félagsleg áhrif skólastyrkurinn hafði á viðtakendur. Niðurstöður liggja fyrir árið 2017.

3.2 Askjan

Askjan hefur það að markmiði að veita markvissa aðstoð til barnafjölskyldna inn á heimili þeirra. Um er að ræða ýmsa fræðslu og ráðgjöf er varðar uppeldi og heimilishald. Markhópurinn er foreldrar/foreldri sem eiga í erfiðleikum með uppeldishlutverkið, ýmist vegna aðstæðna foreldranna sjálfra, erfiðleika hjá barninu eða umhverfisþátta. Þjónustan er fyrst og fremst í formi heimsóknar inn á heimili. Ráðgjafi í málaflokki fatlaðra hefur haft umsjón með úrræðinu frá upphafi. Sérstakur vinnuhópur var starfandi á árinu þvert á málaflokka og er hlutverk hans að halda utan um úrræðið og þróun þess. Um er að ræða þróunarstarf sem allir hlutaðeigandi sinna af miklum metnaði. Mikil eftirspurn hefur verið í þjónustuna og sl. haust var ráðið í 50% starf að auki við 75% stöðuhlutfall sem fyrir var. Tilvísanir koma frá öllum málaflokkum deildarinnar og eru málin mis flókin. Þau mál sem koma frá barnaverndinni eru oftár tímafrekari en önnur í vinnslu og aðstoðin víðtækari. Mál sem taka styttri tíma í vinnslu eru m.a. heimili einhverfra barna þar sem foreldrar fá aðstoð við að setja upp sjónrænt skipulag á heimilinu sem snýr að þörfum barnsins. Einnig hafa starfsmenn haldið fjölskyldufundi og verið með handleiðslu við starfsfólk annarra deilda sem vinnur inn á heimilum þar sem þjónusta er þörf.

Á árinu 2016 var hafin vinnsla í 31 máli og var vinnslu lokið í 18 málum. Flest mál voru í vinnslu í 5-8 mánuði. Í árslok voru 23 mál í vinnslu, af þeim komu 11 frá sérfræðiþjónustu skóla, sjö frá félagsþjónustunni og fimm frá barnavernd. Alls var unnið í 40 málum á árinu. Fjórar fjölskyldur voru á biðlista um áramót.

3.3 Málaflokkur fatlaðra

Endurmati á yfirfærslunni á málaflokki fatlaðra 2011 lauk með nákvæmri skýrslu og samkomulagi um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga árið 2015. Þar að auki var gert sérstakt samkomulag um atvinnumál fatlaðra sem var ákveðin málamiðlun og fól í sér að sveitarfélögin héldu áfram að reka sína vinnustaði og þar með að sjá um hæfingu, virkni, starfsþjálfun og ótímabundna vinnu (verndaða vinnu) en að verkefnið atvinna með stuðningi (AMS) flyttist til ríkisins eða Vinnumálastofnunar. Tveir starfsmenn deildarinnar sem sinntu atvinnu með stuðningi fluttust með verkefninu til Vinnumálastofnunar í ársbyrjun.

Akureyrarbær rekur áfram Skógarlund – hæfingarstöð og Plastiðjuna Bjarg/Iðjulund auk þess að veita styrki til náms og tækjakaupa. Samvinna hefur gengið ágætlega og fast samráð er á milli stofnananna þar sem teknar eru fyrir umsóknir um þjónustu AMS og þeirra vinnustaða sem urðu eftir hjá sveitarfélaginu.

Áfram var haldið með NPA þjónustu sem er tilraunaverkefni á landsvísu og unnið í góðu samstarfi á milli deilda bæjarins sem eru auk Fjölskyldudeildar, Búsetudeild og Fjárreiðudeild.

3.4 Fræðsla

Mikil sérþekking hefur orðið til hjá starfsfólki deildarinnar varðandi einhverfu og hafa viðkomandi aðilar staðið fyrir námskeiðum til þess að miðla þekkingu og aðferðum varðandi þjónustu við einhverf börn. Á árinu var einnig farið með fræðslu til stofnana sem hafa einhverfa fullorðna notendur. Haldið var námskeið fyrir foreldra einhverfra barna sem hefur verið árviss viðburður. Námskeiðin hafa verið haldin á Akureyri og víðar á þjónustusvæðinu. PMTO verkefnið var í fullum gangi með þátttöku Fjölskyldudeildar sem á fulltrúa í stýrihópi. Tveir starfsmenn eru fullmenntaðir meðferðaraðilar og einn í meðferðarnámi. Þessir aðilar sinna PMTO verkefnum, bæði meðferðarvinnu og námskeiðahaldi.

Sérfræðiþjónustan bauð upp á ýmis námskeið. Þar má nefna námskeiðið *Klókir litlir krakkar*, sem er fyrir foreldra ofurvakarra barna í leikskóla og fyrstu bekkjum grunnskóla. Einnig hefur verið boðið upp á námskeiðið *Klókir krakkar*, sem er fyrir kvíðin börn á aldrinum 8/9-12/13 ára og foreldra þeirra. Þá hefur einnig verið í þróun samstarfsverkefni milli Fjölskyldudeildar, skóladeildar og Heilbrigðisstofnunar Norðurlands (HSN) sem snýr að því að veita fræðslu fyrir foreldra allra barna í 1. bekk.

3.5 Notendaráð í málaflokki fatlaðra

Frá 1999 hefur félagsþjónustan haldið úti samráði við Þroskahjálpar á Norðurlandi - eystra. Á síðasta ári var það samráð lagt niður og Akureyrarbær sótti um styrk til Velferðarráðuneytis með það að markmiði að koma á fót notendaráði fyrir fatlað fólk. Styrkur fékkst, gerðar voru reglur um samráðið og Þroskahjálpar, Sjálfsbjörg á Akureyri og Grófinni boðin þátttaka. Einn fundur var haldinn á árinu og gert ráð fyrir að þetta fyrirkomulag sé komið til að vera og þannig geti notendur þjónustunnar haft áhrif.


Samvinna hefur lengi verið við fræðslunefnd Þroskahjálpar og boðið hefur verið upp á ýmis námskeið í gegn um tíðina. Ekki náðist að halda námskeið þetta árið en undirbúningur fyrir námskeið um að flytja að heiman var í gangi.



4 Barnavernd

Sex starfsmenn Fjölskyldudeildar skipa barnaverndarteymi og sinna störfum í umboði barnaverndarnefndar Eyjafjarðar. Á árinu voru virk stöðugildi 5-5.7; misjöfn eftir mánuðum. Þrír starfsmenn hafa menntun sem félagsráðgjafar, tveir sem sálfræðingar og einn sem uppeldisráðgjafi.

Verkefni barnaverndar á árinu voru hefðbundin og fólust einkum í því að taka á móti barnaverndartilkynningum á svæði nefndarinnar, skrá þær, fjalla um þær og taka efni þeirra til könnunar. Ennfremur að standa að eða útvega margvíslegan stuðning við börnin og fjölskyldur þeirra, eins og barnaverndarlög áskilja. Þetta á m.a. við um þjónustu sem Barnaverndarstofa hefur umsjón með og sækja þarf um með formlegum hætti, s.s. fóstur og aðrar vistanir á einka- vist- og meðferðarheimilum, aðkomu Barnahúss og sérhæfða meðferð s.s. MST-meðferð. Þá gefa starfsmenn í umboði nefndarinnar umsagnir vegna umsókna um fósturleyfi og til forsamþykkis í ættleiðingarmálum. Á árinu 2016 tók nefndin við 516 barnaverndartilkynningum og hóf könnun að eigin frumkvæði í 12 málum. Er það um 12% fjölgun frá síðasta ári og bætist við 24% fjölgun sem var milli árána 2014 og 2015. Málefni 312 barna voru til könnunar og meðferðar á árinu, sem er svipaður fjöldi og undanfarin tvö ár, sjá mynd 2. Hið sama má segja um fjölda fjölskyldna þar sem íhlutun átti sér stað.



Mynd 2


Mál 211 fjölskyldna voru til meðferðar á árinu, en var 225 á fyrra ári.

Aldur og kyn barna sem fjallað var um á grundvelli barnaverndarlaga árin 2014-2016						
	2014		2015		2016	
	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur
0 - 5 ára	63	44	82	51	84	46
6 - 10 ára	45	47	46	42	40	45
11 - 14 ára	33	41	29	41	27	27
15 - 18 ára	17	16	12	12	16	25
18 - 20 ára	4	1	3	1	2	0
Samtals drengir/stúlkur	162	149	172	147	169	143
Samtals	311		319		312	


Tafla 3

Sú mikla fjölgun tilkynninga sem orðið hefur undanfarin tvö ár vekur athygli. Hana má að mestu leyti rekja til þess að tilkynningum frá lögreglu hefur fjölgað um 155% á tveimur árum. Telja má líklegt að breytt verklag lögreglu hafi hér einhver áhrif, en þá virðast margvísleg afskipti lögreglu af unglingum algengari en áður. Lögregluafskiptum vegna heimilisófriðar og ágreinings þar sem börn eru til heimilis, hefur og fjölgað.

Undanfarin ár hefur meðalaldur barna sem komið hafa við sögu í barnavernd farið lækkandi og undanfarin ár hefur hlutfall barna undir grunnskólaaldri farið yfir 40%. Meðalaldur barna sem nefndin hefur afskipti af hefur einnig farið lækkandi um árabíl, en var nú örlítið hærri en árið áður, eða sem næst átta og hálf ár. Þetta endurspeglast í fjölgun unglingamála. Að venju eru drengir aðeins fleiri en stúlkur og eru þeir nú 54% hópsins, sem er sama hlutfall og árið áður.



Mynd 3




Mynd 4

Ástæður barnaverndartilkynninga 2013-2015			
	2014	2015	2016
Vanræksla	184	167	197
Ofbeldi	96	116	160
Áhættu hegðun barns	83	166	156
Heilsa eða líf ófædd barns í hættu	5	1	3
Samtals	368	450	516

Tafla 4

Í skýrslu fyrir árið 2015 kom fram tvöföldun tilkynninga um áhættu hegðun sem rímaði við aukin afskipti lögreglu af börnum, aðallega á unglingsaldri, sjá töflu 4 og mynd 5. Nú er áberandi fjölgun tilkynninga um ofbeldi og valda þar mestu að tilkynningar sem varða ágreining og átök milli foreldra – heimilisofbeldi, sem eru skráðar sem andlegt/tilfinningalegt ofbeldi gegn barni. Aukinn fjöldi vanrækslutilkynninga stafar að mestu af fjölgun tilvika þar sem upplýsingar koma fram um áfengis- eða vímuefnaneyslu foreldris. Tilkynnt var um slíkan vanda í 105 tilvikum á árinu og er það 60% aukning frá fyrra ári þegar tilkynningarnar voru 64.




Mynd 5

Hver tilkynnir?			
	2014	2015	2016
Barnið sjálft	2	0	3
Ættingjar barns	25	24	32
Nágrannar	38	16	30
Önnur barnaverndarnefnd	6	8	11
Félagsþjónusta	1	1	2
Lögregla	79	202	212
Skóli, sérfræðipj. skóla	45	58	48
Leikskóli/gæsluforeldri	12	10	8
Læknir/heilsug./sjúkrahús	55	68	74
Foreldri með forsjá barns	22	32	36
Foreldri án forsjár	10	4	3
Aðrir	73	27	57
Samtals	368	450	516

Tafla 5

Tilkynningar til barnaverndar berast úr ýmsum áttum, frá opinberum aðilum og almenningi, sjá töflu 5 og mynd 6. Tilkynningum frá lögreglu fjölgaði mikið árið 2015 og hefur sú þróun haldið áfram árið 2016. Sveiflur í fjölda tilkynninga frá einstökum aðilum eru alltaf nokkrar milli ára og í þetta sinn vekur athygli að tilkynningum frá „öðrum“ þ.e. almennum borgurum sem hafa ekki skráð tengsl við fjölskyldu barnsins fjölgar.



Mynd 6

Stuðningsúrræði

Að lokinni könnun í barnaverndarmáli er tekin ákvörðun um það hvort stuðnings sé þörf í málinu. Úrræðum til stuðnings skv. barnaverndarlögum má skipta í þrjá flokka: a) úrræði inni á heimili, b) úrræði utan heimilis með samþykki foreldra og barns og c) þvingunarúrræði. Árið 2016 var eftirfarandi stuðningsúrræðum beitt inni á heimili barns, sjá töflu 6.

Stuðningsúrræði inni á heimili			
	2014	2015	2016
Foreldrum leiðbeint um uppeldi og aðbúnað	78	64	63
Stuðlað að úrræðum skv. öðrum leiðum	12	33	48
Barni útvegaður viðeigandi stuðningur/meðferð	48	47	48
Barni eða fjölskyldu útveguð tilsjón, persónul. ráðgjöf eða stuðningsfj	51	49	40
Foreldri aðstoðað við að leita sér meðferðar	19	21	21
Punguð kona aðstoðuð við að leita sér meðferðar	1	3	1
Annað	26	35	54
Samtals	235	252	275

Tafla 6

Fóstur og aðrar vistanir

Í árslok voru 14 börn í varanlegu fóstri á vegum nefndarinnar. 13 börn voru í tímabundnu fóstri á árinu og auk þess tvö í vistun á einkaheimili skv. 84. gr. barnaverndarlaga. Þrjú börn voru vistuð á vist- eða meðferðarheimili á árinu. Þá fóru þrjú börn í greiningar- og meðferðarvistun á Stuðla og fimm sinnum var barn vistað þar í skammtíma vistun.

Samstarfsaðilar

Barnaverndarstarfsmenn eru í reglulegum tengslum við grunnskóla bæjarins og sitja nemendaverndarráðsfundir reglulega. Hinir minni skólar á svæði nefndarinnar eru heimsóttir sjaldnar. Fundað er mánaðarlega með geðdeild SAK og í sk. fagteymi á HSN. Reglulegt samráð er einnig við barnadeild SAK, svo og við BUG-teymi spítalans.

Regluleg tengsl eru við leikskóla; að jafnaði með tveimur samráðsfundum á ári. Samstarfsverkefni með lögreglu um viðbrögð við heimilisofbeldi sem hófst árið 2015 er nefnt „Að halda glugganum opnum“. Nefndin sækir margvíslega þjónustu til Barnaverndarstofu. Í fyrra hóf stofan að veita MST-meðferð á svæði nefndarinnar; auk þess sem samstarf við Barnahús er viðamikil. Samstarf frá fyrra ári við samfélags- og mannréttindadeild hefur haldið áfram og varðar m.a. aðild barnaverndar að úrræði sem heitir Skólasmiðjan, einnig samstarf við forvarnarfulltrúa í málum unglunga sem sýna áhættu hegðun með andfélagslegu sniði.

Áfram hefur verið unnið að innleiðingu á nýju verklagi við mat á einstökum barnaverndarmálum, sem nefnt er ESTER, í samvinnu við Barnaverndarstofu.

Fundir barnaverndarnefndar

Á árinu hélt nefndin 17 fundi, sem er fimm fundum fleira en árið áður. Alls voru málefni 17 barna til umfjöllunar á þessum fundum. Í átta tilvikum komu foreldrar barna á fund nefndarinnar, sumir á fleiri en einn fund; í eitt sinn komu fósturforeldrar fyrir nefndina. Úrskurðað var um vistun tveggja barna utan heimilis en í tilviki þriggja barna náðist samkomulag þegar tillaga um úrskurð var til umfjöllunar. Þá var í máli tveggja fósturbarna úrskurðað um umgengni við kynforeldra.

Nefndin átti aðild að málum fjögurra barna fyrir Héraðsdómi; dómurinn staðfesti kröfu um vistun tveggja barna utan heimilis skv. 28. gr. barnaverndarlaga og svipti eitt barn forsjá foreldris að kröfu nefndarinnar. Í einu tilviki var kröfu kynforeldris á hendur nefndinni um forsjá barns og ógildingu fósturráðstöfunar vísað frá dómi.

Forsjáraðilar sex barna skutu ákvörðunum nefndarinnar til Úrskurðarnefndar velferðarmála. Um þrjú mál var að ræða því hvert mál varðaði tvö systkin. Nefndin tók til varna í öll skiptin og krafðist staðfestingar á ákvörðun sinni. Í einu máli var ákvörðun nefndarinnar um að hafna umsókn um styrk vegna lögmannskostnaðar staðfest; í öðru máli var ákvörðun um lokun máls hnekk og því vísað aftur til vinnslu skv. barnaverndarlögum. Í þriðja málinu liggur niðurstaða ekki fyrir.

Annað

Árið 2016 var mjög erilsamt hjá nefndinni og starfsmönnum hennar, eins og fjöldi nefndarfunda ber með sér. Barnaverndartilkynningum hélt áfram að fjölga frá fyrra ári. Fjöldi virkra barnaverndarmála breyttist þó ekki, en þessi þróun endurspeglar að einhverju leyti þá staðreynd að í nokkrum einstökum barnaverndarmálum er mikið tilkynnt um sömu börnin. Stundum eru þetta unglingar sem sýna af sér ítrekaða áhættuhegðun og í öðrum tilvikum yngri börn þar sem áhyggjur skóla, nágranna, ættingja og heilbrigðisstarfsfólks birtast í ítrekuðum tilkynningum.

Fleiri mál komu fyrir nefndina en undanfarin ár og mun fleiri börn voru vistuð utan heimilis en árin á undan.

Við þessari þróun hefur verið reynt að bregðast. Þannig hefur forgangsroðun mála verið endurskoðuð með það í huga að beina kröftunum þangað sem þeirra er mest þörf. Þrennskonar mál hafa því notið ákveðins forgangs:

- Mál unglunga í áhættuhegðun þar sem vímuefnaneysla kemur við sögu. Mörg þessara mála verða mjög íþyngjandi fyrir fjölskyldur, skóla og samfélagið allt. Hegðun þessi og lífshættir geta verið mjög smitandi og þá koma við sögu önnur börn í „jaðarhópi“ sem verða fyrir áhrifum og eiga í hættu að lenda í sama vanda. Hér eru ýmis úrræði tiltæk sem reynst hafa vel í mörgum málum, en árangur er þó alltaf nokkuð misjafn.
- Mál þar sem grunur er um að barn sé beitt ofbeldi, einkum kynferðislegu og líkamlegu ofbeldi. Barnaverndin hinn lögbundni farvegur fyrir vinnslu mála af þessu tagi þegar kemur að því kanna grun um ofbeldi eða vísa í rannsókn lögreglu. Einnig umsjón með úrræðum fyrir þolendur og þá gerendur sem eru á barnsaldri. Barnaverndin býr líka yfir einstakri reynslu til að meta alvarleika tilkynninga og því hvaða viðbrögð eru við hæfi. Ráðgjöf og handleiðsla til annarra fagaðila kemur hér líka við sögu.
- Mál þar sem íþyngjandi íhlutunar er þörf, s.k. „þung mál“. Þetta eru tiltölulega fá mál, en þar koma við sögu börn sem eru í hvað viðkvæmastri stöðu og því afar mikilvægt að þau úrræði sem beitt er svari vanda barnsins og fjölskyldu þess. Í þessum málum reynir oft mjög á samskipti við önnur stjórnvöld og réttarkerfið og því brýnt sem aldrei fyrr að reglum um verklag og málsmeðferð sé fylgt. Ritun greinargerða og skýrslna og miðlun gagna með formlegum hætti þarf að vera hnökralaus svo dómendur og úrskurðaraðilar geti sinnt hlutverki sínu. Mál þessi geta orðið mjög umsvifamikil, bæði í tíma og kostnaði.


Þessar áherslur valda því að ýmis verk mæta nú frekar afgangi eða er vísað annað. Varðar það einkum mál þar sem aðrar stofnanir eða þjónustuaðilar hafa möguleika og lagalega heimild til aðgerða og gildir m.a. um grunsemdir um vanrækslu sem bregðast má við með leiðbeiningum og ráðgjöf. Þar koma m.a. til álita skyldur leik- og grunnskóla gagnvart nemendum sínum og foreldrum þeirra, leiðbeiningarhlutverk fagaðila innan heilbrigðisþjónustunnar, atbeina frístunda- og forvarnarfulltrúa o.s.frv. Afleiðingar þessarar forgangsroðunar eru m.a. þær að heldur færri málum er sinnt en áður, þar sem meiri vinnu þarf að leggja í hvert mál.

Við blasir að sú þróun sem hér er lýst kallar á fjölgun barnaverndarstarfsmanna. Sá möguleiki verður til skoðunar við gerð næstu fjárhagsáætlunar Fjölskyldusviðs. Einnig er til athugunar að hvaða leyti efling stoðþjónustu, s.s. fjölskyldustuðnings Öskjunnar, aukin félagsleg ráðgjöf og/eða ráðning löglærðs starfsmanns að sviðinu gæti komið til álita hér.

Sveitarfélög

Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar er sameiginleg nefnd fyrir Akureyri og nágrannasveitarfélögin Grýtubakkahrepp, Svalbarðstrandahrepp, Eyjafjarðarsveit og Hörgársveit. Af 312 börnum sem nefndin hafði afskipti af á árinu, komu 282 frá Akureyri, en 30 frá hinum sveitarfélögunum fjórum, eða 9,6%.

5 Sérfræðipjónusta við leik- og grunnskóla



Mynd 7

Sérfræðipjónusta við leik- og grunnskóla sinnir 17 leikskólum og 14 grunnskólum. Á Akureyri eru 10 grunnskólar en fjórir utan bæjarins. Þá eru 13 leikskólar á Akureyri en fjórir á þjónustusvæði utan Akureyrar. Á síðasta skólaári voru alls 2928 nemendur í grunnskólum á þjónustusvæðinu og 1231 nemandi í leikskólum. Mikilvægt er að hafa í huga að allar tölur í kaflanum um sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla miðast við skólaárið 2015-2016.

Starfmenn sérfræðipjónustunnar þetta skólaárið voru átta í fullu starfi. Þar af voru þrír sérkennsluráðgjafar, tveir sem sinna börnum á grunnskólaaldri og einn sem sinnir leikskólabörnum. Þá voru fjórir sálfræðingar í fullu starfi, einn sem sinnir börnum á leikskólaaldri, tveir sem sinna grunnskólabörnum og forstöðumaður sem sinnir jafnframt starfi sálfræðings við grunnskóla. Vegna mikillar manneklu síðasta skólaár hafði safnast upp verulegur biðlisti eftir sálfræðipjónustu fyrir grunnskólabörn. Því var sálfræðingur ráðinn tímabundið, fyrst fram að áramótum og endurnýjað fram á vorið. Sálfræðingar eru tengiliðir við ákveðna grunnskóla, sitja þar á nemendaverndarráðsfundum og taka flestar tilvísanir sem berast úr þeirra skólum. Þó er alltaf gætt jafnræðis þannig að ekki sé mislangur biðtími eftir skólum. Sérkennsluráðgjafar grunnskólanna skipta skólum á milli sín og sinna nær eingöngu málum nemenda í sínum skólum, ásamt því að sitja þar á nemendaverndarráðsfundum. Flestar tilvísanir til sérfræðipjónustunnar koma frá leik- og grunnskólum, en einnig frá heilsugæslu og SAK, sem og frá ráðgjöfum félagsþjónustu eða barnaverndar á Fjölskyldudeild. Þar að auki geta foreldrar leitað beint eftir þjónustu fyrir börn sín.

Auk þess að sinna hefðbundnum störfum sérfræðipjónustunnar er mikið samstarf bæði innan deildar, milli deilda og við aðrar stofnanir. Þá situr t.d. starfsmaður í þjónustunni í inntökuteymi Hlíðarskóla, sérdeildar Síðuskóla og Skólasmiðjunnar. Er þetta gert með hliðsjón af því að efla samstarf og samfellu í þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra.

Mynd 7 og tafla 6 sýna fjölda nemenda í grunnskólum skólaárið 2015-2016 og fjölda tilvísana frá hverjum skóla. Þar er einnig sýndur fjöldi mála sem unnið var með og hlutfall tilvísana og mála frá hverjum skóla. Athuga þarf að í fámennum skólum vegur hver tilvísun hlutfallslega þyngra. (Tölur um fjölda nemenda í skólum eru frá Hagstofu Íslands).


Grunnskólar skólaárið 2015-2016	Fjöldi nemenda	Fjöldi drengja	Fjöldi stúlkna	Fjöldi nýrra tilvísana	Drengir	Stúlkur	Hlutfall nýrra tilvísana	Heildar fjöldi mála	Drengir	Stúlkur	Hlutfall mála miðað við fjölda nemenda
Brekkuskóli	484	244	240	41	16	25	8,5%	115	67	48	23,8%
Giljaskóli	384	193	191	28	19	9	7,3%	80	52	28	20,8%
Glerárskóli	311	149	162	34	16	18	10,9%	83	50	33	26,7%
Grimseyjar-/Hríseyjarskóli	24	13	11	1	1	0	4,2%	9	5	4	37,5%
Hlíðarskóli	16	9	7	2	2	0	12,5%	10	8	2	62,5%
Lundarskóli	426	216	210	36	22	14	8,5%	90	61	29	21,1%
Naustaskóli	369	199	170	26	14	12	7,0%	74	50	24	20,1%
Oddeyrarskóli	187	95	92	23	11	12	12,3%	68	38	30	36,4%
Síðuskóli	399	211	188	27	17	10	6,8%	126	80	46	31,6%
Grenivíkurskóli	51	25	26	5	2	3	9,8%	16	6	10	31,4%
Hrafnagilsskóli	152	79	73	12	10	2	7,9%	32	21	11	21,1%
Valsárskóli	45	21	24	4	2	2	8,9%	11	6	5	24,4%
Þelamerkurskóli	80	34	46	6	5	1	7,5%	12	9	3	15,0%
Alls á Akureyri	2600	1329	1271	218	118	100	8,4%	655	411	244	25,2%
Alls utan Ak.	328	159	169	27	19	8	8,2%	71	42	29	21,6%
Samtals	2928	1488	1440	245	137	108	8,4%	726	453	273	24,8%

Tafla 7

Leikskólar skólaárið 2015-2016	Fjöldi nemenda	Drengir	Stúlkur	Fjöldi nýrra tilvísana	Drengir	Stúlkur	Hlutfall nýrra tilvísana	Heildar fjöldi mála	Drengir	Stúlkur	Hlutfall mála miðað við fjölda nemenda
Hlíðarbol	46	18	28	5	2	3	11%	9	6	3	19,6%
Hólmastól	137	69	68	16	10	6	12%	25	16	9	18,2%
Grímsey/Hrísey leikskóli	4	2	2	0	0	0	0%	2	1	1	50,0%
Hulduheimar/kot og sel	104	49	55	15	10	5	14%	26	22	4	25,0%
Iðavöllur	86	45	41	14	10	4	16%	23	19	4	26,7%
Kiðagil	105	55	50	13	5	8	12%	20	12	8	19,0%
Krógaból	107	63	44	13	9	4	12%	27	21	6	25,2%
Lundarsel	97	52	45	11	6	5	11%	16	9	7	16,5%
Naustatjörn	137	59	78	9	4	5	7%	19	8	11	13,9%
Pálmholt	123	73	50	15	10	5	12%	21	14	7	17,1%
Sunnuból	60	31	29	4	3	1	7%	10	7	3	16,7%
Tröllaborgir	93	48	42	6	4	2	6%	15	11	4	16,1%
Álfaborg	27	16	11	1	0	1	4%	2	1	1	7,4%
Álfasteinn	26	13	13	4	2	2	15%	6	4	2	23,1%
Hrafnjilssk. leiksk.d.	56	29	27	4	2	2	7%	9	7	2	16,1%
Krummafótur	23	15	8	0	0	0	0%	1	0	1	4,3%
Alls á Ak.	1099	564	532	121	73	48	11%	213	146	67	19,4%
Alls utan Ak.	132	73	59	9	4	5	7%	18	12	6	13,6%
Samtals	1231	637	591	130	77	53	11%	231	158	73	18,8%


Tafla 8

Mynd 8 og tafla 7 sýna fjölda nemenda í leikskólum skólaárið 2015-2016 og fjölda tilvísana frá hverjum skóla. Einnig er sýndur fjöldi mála sem unnið var með og hlutfall tilvísana og mála frá hverjum skóla. Athuga þarf að í fámennum skólum vegur hver tilvísun hlutfallslega þyngra. (Tölur um fjölda nemenda í skólum eru frá Hagstofu Íslands).




Mynd 8

Á myndum 9 og 10 er sýnd kynjaskipting nýrra tilvísana, annars vegar í grunnskóla og hins vegar í leikskóla. Þar sést að drengjum er frekar vísað en stúlkum, bæði í leik- og grunnskóla. Þegar horft er til fyrri ára má þó sjá að kynjahlutfallið virðist vera að jafnast.



Mynd 9




Mynd 10

Nýjar tilvísanir bárust vegna 11% leikskólabarna, sem er töluverð aukning frá síðasta skólaári (8%). Unnið var í málum tæplega 19% nemenda í leikskólum, sem er einnig töluverð aukning frá því sem var á síðasta skólaári (15%). Nýjar tilvísanir bárust vegna 8,4% nemenda í grunnskólum, sem er sambærilegt og var á síðasta skólaári (9%). Unnið var í málum tæplega 25% nemenda í grunnskólum, sem er aukning frá síðasta skólaári (22,6%).


Tilvísanir til sérfræðipjónustu skóla

Þegar óskað er eftir aðstoð frá sérfræðipjónustu skóla er sérstakt tilvísunarblað fyllt út. Þar er merkt við hver ástæða tilvísunar sé og hvers konar þjónustu er óskað eftir, sjá nánar á myndum 11 og 12.

Í flestum tilfellum er fleiri en ein ástæða fyrir tilvísun og oft er óskað eftir þjónustu sem fleiri en einn sérfræðingur sinnir. Á skólaárinu var unnið í málum 957 barna, þ.e. 231 leikskólabarna og 726 grunnskólabarna. Til samanburðar má nefna að unnið var í málum 842 barna á skólaárinu 2014-2015, þannig að töluverð aukning hefur átt sér stað.



Mynd 11



Mynd 12

Sálfræðileg ráðgjöf og greining

Sálfræðingar í sérfræðipjónustu sinna fyrst og fremst greiningu og ráðgjöf. Í grunnskólum sitja þeir reglulega nemendaverndarráðsfundir, á móti sérkennsluráðgjöfum sem og ráðgjöfum í barnavernd.

Mjög mikil eftirspurn er eftir sálfræðipjónustu og myndast því töluverðir biðlistar. Þá hafa beiðnir um sálfræðilega greiningu og þroskamat aukist töluvert á síðustu árum. Mismunandi ástæður liggja að baki beiðni um sálfræðilegrar greiningar. Það getur verið grunur um röskun á einhverfurófi, truflun á athygli og virkni (ADHD) eða mikill hegðunarvandi verið til staðar. Þá getur einnig hafa vaknað grunur um tilfinningavanda, s.s. kvíða og depurð. Við greiningar notast sálfræðingar við klínískt mat og ýmis matstæki s.s. hegðunarmatslista, mat á aðlögunar- og samskiptafærni ásamt ýmsum þroskaprófum. Þegar niðurstaða er fengin er tekin ákvörðun um framhald málsins, þ.e. íhlutun og/eða hvort og þá hvert barninu skal vísað áfram til frekari greiningar. Skilafundir eru haldnir með foreldrum og í skólum viðkomandi barns. Tillögur eru gerðar um úrbætur í samvinnu við fjölskyldu og skóla og ráðgjöf veitt varðandi t.d. hegðun, líðan, nám, samskipti, félagsfærni o.fl. Þá sinna sálfræðingar einnig eftirfylgd og teymisvinnu þegar talin er þörf á því.

Sú nýbreytni var tekin upp á síðasta skólaári að taka upp skimun, þegar óskað er eftir sálfræðilegri greiningu. Þá kallar sálfræðingur foreldra, kennara og deildarstjóra á skimunarfund, þar sem farið er yfir niðurstöður matslista ásamt öðrum tilfallandi upplýsingum um barnið. Út frá þeim upplýsingum og því sem kemur fram á fundinum er tekin ákvörðun um næstu skref, t.d. hvort þurfi að fara af stað í nánara greiningarferli eða hvort nægjanlegar upplýsingar séu til staðar til að mæta þörfum barnsins. Haldið áfram var með þetta vinnulag á þessu skólaári og hefur það skilað góðum árangri. Foreldrar og skóli þurfa ekki að bíða jafn lengi eftir fyrstu viðbrögðum og stór hluti málanna þarf ekki að fara í frekara greiningarferli. Haustið 2015 voru 216 grunnskólabörn á bið eftir sálfræðipjónustu, 10 börn voru á bið eftir frekari greiningu eða samtals 226 börn. Sálfræðingur var ráðinn tímabundið í fullt starf til að bregðast við þessum mikla biðlista. Skilaði það miklum árangri en haustið 2016 voru 103 grunnskólabörn á bið eftir sálfræðipjónustu, 32 voru á bið eftir frekari greiningu eða samtals 135 börn.

Sérkennsluráðgjöf

Sérkennsluráðgjafar veita ráðgjöf til kennara og foreldra, sitja í nemendaverndarráðum og sinna námslegum greiningum. Þá sitja þeir í þjónustuteymum í skólunum vegna fatlaðra barna sem og annarra barna þar sem talin er þörf á markvissri teymisvinnu.

Sérkennsluráðgjafar í grunnskólum sinna námslegum greiningum, en það eru lestrar- og stærðfræðigreiningar. Sérkennarar í skólunum leggja í flestum tilfellum fyrir skimanir og eru ákveðnar reglur um það í hverjum skóla í hvaða bekkjum er skimað. Einnig eru samræmd próf notuð sem viðmið um getu og kunnáttu nemenda. Ef barn sýnir merki um erfiðleika í námi er því vísað til sérfræðipjónustu skóla annað hvort af viðkomandi skóla eða foreldrum. Þegar grunur er um erfiðleika í stærðfræði er notast við Talnalykil, til að kortleggja nánar stöðu í stærðfræði. Ýmis stöðluð greiningarpróf eru notuð í lestri, en helst er notast við Logos sem er tölvukeyrt próf fyrir börn og fullorðna. Þegar greiningar hafa verið lagðar fyrir eru haldnir skilafundir í skólum þar sem ráðgjöf er veitt í samræmi við niðurstöður. Sérkennsluráðgjafar veita einnig kennsluráðgjöf og meta námsaðstæður.

Sérkennsluráðgjafi í leikskóla heldur utan um málefni fatlaðra barna, fundar reglulega með foreldrum á teymisfundum og er tengiliður fjölskyldu við aðra sérfræðinga. Þá sinnir hann í samstarfi við sálfræðing frumgreiningu 2-6 ára barna, gerir athuganir og skráningar, leggur fyrir PEP-R þroskamat og gerir CARS einhverfuathugun. Hann sér einnig um að vísa börnum áfram í frekari greiningar, ásamt sálfræðingi. Þegar fötlun eða annars konar sérþarfir hafa verið staðfestar fer sérkennsluráðgjafi í reglulegar heimsóknir í leikskólana, veitir ráðgjöf og situr teymisfundi. Sérkennsluráðgjafi vinnur náið með sérkennslustjórum leikskólanna, veitir þeim ráðgjöf um einstaka börn og kennsluaðferðir. Sérkennslustjórar sjá um skimun og skráningar og vísa börnum í sérfræðipjónustu leikskóla í samvinnu við foreldra, þeir hittast einnig mánaðarlega undir handleiðslu sérkennsluráðgjafa. Þeir vinna lausnamiðað að hinum ýmsu málum og veita hver öðrum fræðslu og stuðning.

Sérkennsluráðgjafar sjá um að meta beiðnir um málþroskapróf og talkennslu, en þeim er vísað til sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga sem Akureyrarbær kaupir þjónustu af. Teymisvinna vegna

fatlaðra barna og barna með frávík í hegðun og námi er mjög stór hluti af vinnu sérkennsluráðgjafa bæði í grunn- og leikskólum.

Undirbúningur að flutningi fatlaðra barna milli skólastiga

Sérkennsluráðgjafi leikskóla byrjar að undirbúa grunnskóla fyrir móttöku barns með sérþarfir 1 – 2 árum áður en skólaganga hefst. Svo langur fyrirvari getur verið nauðsynlegur ef gera þarf breytingar til dæmis á húsnæði. Einnig er boðað til funda með þeim sérfræðingum sem tengjast barninu. Sérkennsluráðgjafi og foreldrar fara í heimsóknir í þá skóla sem koma til greina á haustönn ári áður en barnið hefur grunnskólagöngu. Um vorið er skilafundur með sérkennsluráðgjafa leikskóla, foreldrum, fulltrúum leikskóla og tilvonandi grunnskóla, ásamt tengilið sérfræðipjónustunnar. Eftir að skólaganga í grunnskóla er hafin fylgir sérkennsluráðgjafi barninu eftir með reglulegum fundum svo lengi sem þörf er á. Í flestum tilfellum er það í höndum sérkennsluráðgjafa, en í einstaka tilfellum sér sálfræðingur um teymisvinnuna. Í flóknum málum hefur sérkennsluráðgjafi leikskóla haldið áfram eftirfylgd fyrstu önnina og jafnvel lengur ef þurfa þykir.

Þegar nemandi með sérþarfir fer yfir í framhaldsskóla hefst undirbúningur ári áður en skólaganga hefst, en þó fyrr ef um mikla fötlun er að ræða. Foreldrum nemenda í 10. bekk er boðið á kynningu á námstilboðum sem standa nemendum til boða í framhaldsskólum Akureyrar. Ráðgjafar félagsþjónustu sem og fulltrúi Þroskahjálpar eru einnig boðaðir á kynningarfundinn. Námsráðgjafar eru til ráðgjafar um hvaða skólaúrræði hentar best.

Foreldrum gefst kostur á að heimsækja skólana til að auðvelda valið og nemendur fara í heimsóknir með foreldrum og/eða kennurum sínum. Mikilvægt er að nemandinn kynnist tilvonandi kennslustofum og sameiginlegu rými í framhaldsskólanum áður en skólaganga hefst.

Nemendaverndarráðsfundir

Í öllum grunnskólum þjónustusvæðisins eru starfandi nemendaverndarráð. Hlutverk ráðsins er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðipjónustu. Stjórnendur skólanna ákveða fyrirkomulag fundanna og hversu oft þeir eru haldnir, en er það nokkuð misjafnt eftir stærð skólanna. Fundina sitja skólastjórar, deildarstjórar, ásamt námsráðgjafa, skólahjúkrunarfræðingi og fulltrúa frá sérfræðipjónustu skóla eða starfsmanni barnaverndar. Dagskrá fundar liggur fyrir áður en fundur hefst. Teknar eru ákvarðanir um áframhaldandi vinnu með nemendur sem sýna frávík í skólaumhverfinu. Þá er farið yfir nýjar tilvísanir, eða teknar ákvarðanir um hvort vísa eigi barni til sérfræðipjónustu eða ekki.

Mat á þörf fyrir sérkennslu og stuðning

Sérfræðipjónusta skóla kemur að mati á þörf fyrir sérkennslu. Metin er þörf út frá þeim greiningum sem liggja fyrir, en einnig er stuðst við umsögn eða mat sérkennsluráðgjafa eða sálfræðings um þörf á stuðningi. Tillaga um úthlutun sérkennslu er send til Skóladeildar, sem tekur endanlega ákvörðun um tímafjölda til hvers skóla. Skólarnir skipuleggja síðan sér úrræði fyrir einstaklinga eða litla hópa eftir því sem best hentar hverju sinni.

Teymisvinna vegna fatlaðra barna í leik- og grunnskóla

Sérfræðipjónusta leik- og grunnskóla hefur á síðustu árum þróað mjög gott utanumhald vegna fatlaðra barna og annarra barna með mikil frávík, svo þjónusta og fjármunir nýtist sem best. Þjónustuteymi eru stofnuð, en markmið með þeim er að stuðla að farsælli skólagöngu barnsins, félagslegri virkni og samfelli í þjónustunni. Haldnir eru teymisfundir reglulega með þeim aðilum sem koma að málefnum barnsins, s.s. foreldrum, kennurum, stuðningsaðilum, sérkennurum, skólastjórnendum, iðju-, sjúkra- eða talmeinafræðingum og einnig þeim sem koma að félagslegum stuðningi. Þessir fundir geta verið allt frá einu sinni í mánuði til tvisvar sinnum á vetri eftir eðli málsins. Skólaárið 2015-2016 var markviss teymisvinna vegna 315 barna, þar af 72 í leikskóla og 242 í grunnskóla.

Þjónusta við nágrannasveitarfélög

Sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla þjónustar einnig nágrannasveitarfélögin Grýtubakkahrepp, Svalbarðstrandahrepp, Eyjafjarðarsveit og Hörgársveit. Unnið var í 89 málum frá nágrannasveitarfélögunum, vegna 71 barns á grunnskólaaldri og 18 barna á leikskólaaldri. Er það töluverð fjölgun frá síðasta skólaári, en þá var unnið í málum 69 barna. Á skólaárinu bárust nýjar tilvísanir vegna 36 barna, sem er fjölgun frá því á síðasta skólaári (24). Unnið var í málum 13,6% leikskólabarna og 21,6% grunnskólabarna hjá nágrannasveitarfélögunum.

Þróun þjónustunnar

Mikil aukning hefur verið á eftirspurn eftir sérfræðiþjónustu sem hefur kallað á ákveðna þróun og breytingar. Aukin hefur verið áhersla á fræðslu og forvarnir og í samræmi við það hefur sérfræðiþjónustan boðið upp á ýmis námskeið. Þar má nefna námskeiðið Klókir litlir krakka, sem er fyrir foreldra ofurvarkárra barna í leikskóla og fyrstu bekkjum grunnskóla. Einnig hefur verið boðið upp á námskeiðið Klókir krakkar, sem er fyrir kvíðin börn á aldrinum 8/9-12/13 ára og foreldra þeirra. Þá hefur sérfræðiþjónustan einnig boðið upp á námskeiðið Snillingarnir, sem er fyrir börn með ADHD. Eftirspurn eftir því námskeiði hefur þó minnkað og var námskeiðið ekki haldið á þessu skólaári. Þá hefur einnig verið í þróun samstarfsverkefni milli Fjölskyldudeildar, Skóladeildar og Heilbrigðisstofnunar Norðurlands (HSN) sem snýr að því að veita fræðslu fyrir foreldra allra barna í 1. bekk.

Þjónusta annarra stofnana hefur einnig haft áhrif á þróun sérfræðiþjónustunnar. Ýmsar stofnanir hafa sett strangari skilyrði fyrir inntöku og langir biðlistar hafa myndast. Því hafa ákveðnir hópar ekki fengið viðeigandi þjónustu og reynt hefur verið að bregðast við því. Þjónusta við börn sem ekki eru með frávík í vitsmunapróska en grun um einhverfu var skert. Því var ákveðið að tveir starfsmenn skyldu öðlast réttindi til að leggja fyrir svo kallað ADOS einhverfumat. Þá hafa einnig þrír starfsmenn þjónustunnar öðlast réttindi til að klára ADHD greiningu, svo kallað K-SADS greiningarviðtal. Því er unnið markvisst að því að hægt verið að klára flest allar greiningar í héraði, fremur en að börn og fjölskyldur þeirra þurfi að sækja þjónustuna annað.





6 Félagsþjónusta

Félagsþjónustan er fyrir íbúa Akureyrarbæjar og nærsveita, óháð aldri, fötlun eða hverju því sem mismunar fólki. Þjónustan er í formi almennrar eða sérhæfðrar ráðgjafar og félagslegra úrræða. Unnið er eftir lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um málefni fatlaðs fólks.

Ráðgjöfin sem stendur til boða er:

- ★ Félagsleg ráðgjöf s.s. vegna uppeldis- og samskiptavanda, skilnaðar, forsjár- og umgengnismála.
- ★ Ráðgjöf vegna fjármála og fjárhagsaðstoð.
- ★ Ráðgjöf vegna húsnæðismála og/eða þjónustu í búsetu.
- ★ Sérhæfð ráðgjöf /þjónusta vegna fötlunar.

Úrræðin sem félagsþjónustan hefur upp á að bjóða eru: fjárhagsaðstoð, virkni- og atvinnuúrræði, stuðningsfjölskyldur fyrir börn, og auk þess getur félagsþjónustan vísað í Öskjuna fjölskyldustuðning.

6.1 Almenn félagsþjónusta

Félagsleg ráðgjöf

Markmið félagslegrar ráðgjafar er annars vegar að veita upplýsingar og leiðbeiningar um ýmis félagsleg réttindi og hins vegar að veita stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda. Öll félagsleg ráðgjöf miðar að hjálp til sjálfshjálp, þannig að einstaklingurinn geti sem best notið sín í samfélaginu. Verkefni félagslegrar ráðgjafar er til dæmis ráðgjöf vegna, fjölskyldumála, fjárhagsvanda, húsnæðisskorts, vímuefnaneyslu, skilnaðar, sjúkdóma, slysa, fötlunar, atvinnuleysis eða elli.

Margt af því sem ofan er talið kallar einnig á stuðning og því er ráðgjöfin oft samofin margþættum stuðningi.

Til þess að stuðningurinn skili sem mestum og bestum árangri er áhersla lögð á samvinnu við aðrar deildir bæjarins og aðrar stofnanir. Má þar nefna samvinnu við skóladeild, Búsetudeild, HSN á Akureyri, Sjúkrahúsið á Akureyri (Sak), VIRK, Starfsendurhæfingu Norðurlands, Vinnumálastofnun og SÁÁ. Samstarf í einstaklingsmálum fer fram í samráði við og með samþykki viðkomandi einstaklings og er oft lykilatriði í því að ná samfelli og árangri.

Ráðgjöf vegna barna og unglunga

Ráðgjafar í félagsþjónustu veita foreldrum og forráðamönnum ráðgjöf og stuðning vegna uppeldis barna og unglunga. Ráðgjöfin er oft veitt í samvinnu við þjónustu í öðrum málaflokkum, bæði sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla og barnavernd. Auk þess að veita ráðgjöf vegna barna er einnig

veitt önnur ráðgjöf er snýr að samskiptum í fjölskyldu. Á árinu voru 58 viðtöl veitt vegna ýmissa fjölskyldumála en til viðbótar er þjónusta Öskjunnar sem gerð var grein fyrir í upphafi skýrslunnar.

Stuðningsfjölskyldur í félagsþjónustu

Í upphafi síðasta árs tók Velferðarráð þá ákvörðun að bjóða upp á stuðningsfjölskyldur í félagsþjónustu. Einstæðir foreldrar sem hafa engan eða lítinn stuðning frá hinu foreldrinu, hafa litla aðstoð af stórfjölskyldunni og búa við mikla félagslega erfiðleika geta að undangengnu mati ráðgjafa fengið stuðningsfjölskyldu tvo sólarhringa í mánuði. Markmiðið með stuðningsfjölskyldum er að hvíla foreldra og veita börnunum tilbreytingu við þroskavænleg skilyrði. Í upphafi var um tilraunaverkefni að ræða í hálft ár en að þeim tíma liðnum var það mat að þjónustan skipti miklu máli fyrir börnin og fjölskyldurnar og var ákveðið að halda henni áfram. Á árinu fengu 8 börn frá 6 fjölskyldum þessa þjónustu.

Ráðgjöf vegna fjármála


Ráðgjöf og leiðbeiningar vegna fjármála miða að því að aðstoða fólk við að koma fjármálum sínum í betra horf. Það getur falist í því að skoða hvernig hægt er að auka tekjur og/eða minnka útgjöld, upplýsa um og aðstoða við að sækja rétt sinn hjá öðrum aðilum svo sem sjúkrahúsum, lífeyrissjóðum, Tryggingastofnun eða Vinnumálastofnun. Ráðgjöfin getur einnig falist í aðstoð við að skoða neysluvenjur og leiðbeiningum um úrræði vegna skulda og greiðsluvanda. Þegar sótt er um fjárhagsaðstoð er veitt ráðgjöf vegna fjármála en í 80 tilvikum var veitt fjárhagsráðgjöf án þess að sótt væri um fjárhagsaðstoð.

Vinnumarkaðsúrræði

Í allri ráðgjöf varðandi fjárhagsaðstoð er vinnufærni metin í samvinnu við umsækjanda. Í kjölfarið er reynt að finna rétt úrræði og veita viðeigandi aðstoð til að leita að vinnu eða takast á við veikindi.

Mikil áhersla hefur verið lögð á að finna viðeigandi vinnutengd úrræði fyrir vinnufæra einstaklinga sem þiggja fjárhagsaðstoð. Einstaklingar sem ekki eru vinnufærir og/eða þurfa endurhæfingu til að endurheimta vinnugetu sína eru aðstoðaðir við að fá hjálp innan heilbrigðiskerfisins. Í þeim tilvikum er mikið og náið samstarf við VIRK, Starfsendurhæfingu Norðurlands, Geðdeild SAK og HSN á Akureyri.

Atvinnuáttak Akureyrarbæjar er ætlað þeim sem ekki eiga bótarétt hjá Vinnumálastofnun og fá fjárhagsaðstoð frá Fjölskyldudeild. Í stað þess að greiða fjárhagsaðstoð er þessum einstaklingum boðin vinna á ýmsum deildum bæjarins. Á árinu var kr. 41.048.974 varið í verkefnið sem þrettán einstaklingar nýttu sér í lengri eða skemmri tíma.



Mynd 13

Á mynd 13 má sjá hversu margir voru í sérstaka atvinnuáttakinu hvert ár frá 2014 en í heild hafa 26 einstaklingar nýtt þessa þjónustu. Af þessum 26 voru fimm einstaklingar í sérstaka atvinnuáttakinu

um áramót, sjö komust í vinnu, þrír voru búnir að vinna sér inn bótarétt hjá Vinnumálastofnun, einn fór í skóla, þremur var vísað í þjónustu hjá Virk en sjö einstaklingar fóru aftur á framfærslu. Áttu þeir það flestir sameiginlegt að hafa einungis verið nokkra daga í átaksvinnu og er ástæðan í öllum tilfellum neysluvandi.

Atvinnuástand í landinu hefur skánað mikið og því hefur verið reynt að koma sem flestum í vinnu í gegnum Vinnumálastofnun en atvinnuátakið hentar þeim sem þurfa að geta sannað sig á vinnumarkaði eftir langvarandi fjarveru frá honum.

Stígur er verkefni sem sett var á laggirnar árið 2013 sem samvinnuverkefni Vinnumálastofnunar og sveitarfélaga í landinu. Verkefnið er ætlað þeim einstaklingum sem ekki eiga bótarétt hjá Vinnumálastofnun. Með tilkomu verkefnisins gefst þeim kostur á aðstoð við atvinnuleit og aðgangur að úrræðum hjá Vinnumálastofnun til að auka hæfni sína á vinnumarkaði. Árið 2016 var 17 vísað í þetta úrræði, 11 árið 2015 og sjö árið 2014, sjá mynd 13.

Fjölsmiðjan á Akureyri er vinnusetur fyrir ungt fólk 16-24 ára, sem hvorki er í skóla né vinnu. Í Fjölsmiðjunni er lögð áhersla á fjölbreytni í vinnu og námi þannig að ungmennin geti betur tekið ákvörðun um framtíð sína að lokinni veru sinni þar. Að Fjölsmiðjunni standa auk Akureyrarbæjar, Rauði Krossinn, Vinnumálastofnun, Eining-Iðja og Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri. Ungmennin fá greidd laun fyrir vinnu sína.

Ráðgjöf vegna neyslu

Neysla áfengis og annarra vímuefna er í sumum tilfellum stór vandi þeirra er leita til félagsþjónustunnar. Þeir einstaklingar eiga oft erfitt með að halda atvinnu og eru ekki gjaldgengir í endurhæfingu og þjónustu t.d. hjá Virk fyrr en hálfu ári eftir að neyslu lýkur. Því er oft mikið og náið samstarf við þær stofnanir sem veita meðferð s.s. SÁÁ, geðdeildir, Krýsuvíkursamtökin, Samhjálp og fleiri. Í mörgum tilfellum eru einstaklingar aðstoðaðir við að komast í meðferð og reynt að veita stuðning eftir að meðferð líkur.

Sérstök ráðgjöf vegna fötlunar

Á Fjölskyldudeild er veitt sérhæfð ráðgjöf til fatlaðs fólks. Á árinu 2016 var í 94 tilvikum veitt sérstök ráðgjöf vegna fötlunar.

Ráðgjöfin snýr að ýmsu því sem varðar búsetu, fjármál, atvinnumál og önnur persónuleg mál. Áhersla hefur verið lögð á að fatlað fólk sem fær þjónustu á heimili sínu eigi tengilið á Fjölskyldudeild þar sem viðkomandi getur komið óskum sínum um aðstoð og annað í daglegu lífi á framfæri. Ráðgjafinn er í mikilli samvinnu við veitendur þjónustunnar á Búsetudeild. Síðari ár hefur samvinna við réttindagæslumann fatlaðra aukist jafnt og þétt. Fulltrúar Fjölskyldudeildar sitja í teyllum sem mynduð hafa verið um búsetu og ýmis önnur samstarfsverkefni.

Eins og áður hafa starfsmenn Fjölskyldudeildar tekið þátt í verkefni á landsvísi sem snýr að samskiptum kynjanna. Unnið er út frá kennsluefninu „Verum örugg“ sem María Jónsdóttir, félagsráðgjafi gaf út og hefur gefist vel. Ungt fatlað fólk sem sækir ráðgjöf á Fjölskyldudeild fær fræðslu út frá efninu þar sem mikil áhersla er lögð á kynheilbrigði og samskiptareglur. Að auki hafa sjö einstaklingar fengið víðtæka fræðslu og kennslu á sl. ári.

Nauðungarvistun


Ef einstaklingur er það andlega veikur að hann telst hættulegur sjálfum sér eða öðrum er hægt að óska eftir að hann verði lagður inn nauðugur á sjúkrahús í allt að 21 dag. Áður gátu ættingjar auk félagsþjónustu óskað eftir nauðungarvistun. Með lagabreytingu um mitt ár 2015 breyttist þetta og nú geta einungis félagsþjónustur sveitarfélaga óskað eftir nauðungarvistun. Er það gert þegar það er talið réttmætt eftir tilmælum frá aðila sjálfum, vandamönnum, vinum hans eða vitneskja fengist um hag einstaklingsins með öðrum hætti.

Á árinu var fimm sinnum óskað eftir nauðungarvistun.

Fjárhagsaðstoð

Árið 2016 voru útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar kr. 144.669.982 að teknu tilliti til endurgreiddra lána og annarra endurgreiðslna sem voru kr. 13.912.827. Fjárhagsaðstoð lækkaði um kr. 154.456 eða - 0,11% frá árinu 2015 og styrkþegum fækkaði lítillega eða um fjóra þeir voru 363 árið 2015 en fóru niður í 359 á síðasta ári. Íbúar Akureyrar voru þann 1. desember 2016 alls 18.490, hlutfall íbúa Akureyrarbæjar sem þáðu fjárhagsaðstoð einu sinni eða oftar á árinu 2016 var 1,94%. Hlutfallið hélt áfram að lækka annað árið í röð en það var 1,98% árið 2015 og 2,34% árið 2014, sjá mynd 14.

Fjöldi barna 0-17 ára á heimilum sem þáðu fjárhagsaðstoð var 247 árið 2016 sem er 36 börnum fleira en 2015 þegar þau voru 211.



Mynd 14

Árið 2016 var framfærslugrunnur til einstaklinga kr. 154.624 og til hjóna kr. 247.398, framfærslugrunnur er óháður því hvort barn eða börn búi á heimilinu en á móti eru greiðslur vegna barna s.s. barnabætur og barnalífeyrir ekki reiknaðar inn með tekjum umsækjenda.


Nokkur hluti fjárhagsaðstoðar er greiddur til Fjölsmiðjunnar á Akureyri og fer þar í að greiða hluta af launum ungmenna eða nema sem þar starfa. Árið 2016 voru greiðslur til Fjölsmiðjunnar kr. 20.255.401 eða 12,8% af útgjöldum í fjárhagsaðstoð á móti 9,7% árið 2015. Alls var greitt til Fjölsmiðjunnar vegna 38 nema sem þar störfuðu þar af voru sex sem einnig voru á framfærslu einhvern hluta árs og 12 sem fengu greitt að hluta frá Vinnumálastofnun, það voru því 20 nemar sem fengu laun sín eingöngu greidd úr fjárhagsaðstoð.

Fjárhagsaðstoð – fjölskyldugerð


Fjölskyldugerð	2014	2015	2016
Einstæðar mæður	106	94	102
Einstæðir feður	8	4	8
Einhleypar konur	97	78	81
Einhleypir karlar	160	155	135
Hjón með börn	48	24	26
Barnlaus hjón	6	8	7
Samtals	425	363	359

Tafla 9

Fjölskyldugerð styrkþega í fjárhagsaðstoð 2016 má sjá í töflu 9 og á myndum 15 og 16 þar er einnig staðan 2014 og 2015 til samburðar. Fram kemur að einhleypir karla eru ennþá fjölmennasti hópurinn þó þar hafi fækkað hlutfallslega milli ára en fjölgun er í hópi einstæðra mæðra sem eru næst stærsti hópurinn. Hlutfall einhleyptra styrkþega fer úr 64% árið 2015 í 60% árið 2016. Einstæðum foreldrum fjölgar milli ára þeir fara úr 27% í 31% en hlutfall hjóna hvort heldur sem er með börn eða barnlausra stendur í stað frá árinu 2015.



Mynd 15



Mynd 16


Fjárhagsaðstoð – atvinnustaða

Atvinnustaða	2014	2015	2016
Í fullu starfi	58	50	50
Í hlutastarfi	25	11	14
Atvinnulausir með bótarétt	71	39	36
Atvinnul. án bótaréttar	80	77	83
Ellilífeyrisþegar	4	6	5
Sjúklingar	62	84	83
Heimavinnandi	1	1	2
Nemar	27	10	8
Öryrkjar	81	73	70
Annað t.d. fólk í fæðingarorlofi	16	12	8
Samtals	425	363	359


Tafla 10

Í töflu 10 sem og á myndum 17 og 18 er atvinnustaða styrkþega í fjárhagsaðstoð 2016 borin saman við stöðuna árin 2014 og 2015. Þar má sjá að hóparnir „atvinnulausir án bótaréttar“ og „sjúklingar“ eru jafnstórir eða 23%, atvinnulausum án bótaréttar hefur fjölgað um 2% frá árinu 2015 en sjúklingar staðið í stað, þeir styrkþegar sem tilheyra hópnum sjúklingar eru í langflestum tilfellum einstaklingar á bið eftir örorku- eða endurhæfingarlífeyri. Í heildina eru ekki miklar breytingar á atvinnustöðu

t.a.m. eru styrkþegar með atvinnustöðuna „í fullu starfi 14% eins og tvö undanfarin ár og breytingar á öðrum hópum eru eitt til tvö prósent. Það skal tekið fram að allir nemar í Fjölsmiðju hafa atvinnustöðuna „í fullu starfi“ og eru þar með stærsti hluti þess hóps.




Mynd 17



Mynd 18


Þróun fjárhagsaðstoðar

Samþykktum umsóknum í fjárhagsaðstoð fækkar um 95 milli ára 2015 og 2016. Þær fóru úr 1445 í 1350 sem er fækkun um 7%, samþykktar umsóknir á hvern styrkþega eru aðeins færri en árið áður en þær voru 3,8 árið 2016 á móti fjórum árið 2015. Þróun samþykktra umsókna sést á mynd 19. Afgreiddar umsóknir voru alls 1425 en þar af var 75 umsóknum synjað. Flestar umsóknir voru í apríl eða 132 en fæstar í nóvember eða 90. Meðalfjöldi styrkþega á mánuði sem fékk greidda framfærslu ýmist að hluta eða heila var 70, flestir voru í apríl eða 83 en fæstir í nóvember eða 55




Mynd 19

Styrkþegum fækkar milli ára eins og áður hefur komið fram og hafa ekki verið færri síðan 2010, samþykktum umsóknum fækkar um 95 og útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar lækka lítillega milli ára. Meðaltals heildargreiðsla til hvers styrkþega hækkar og fer úr kr. 398.965 árið 2015 í kr. 410.849 árið 2016, sjá myndir 20 og 21. Líklegasta skýringin er að grunnframfærsla vegur tiltölulega þungt eða 68% af heildarútgjöldum og þær greiðslur eru yfirleitt hærri en greiðslur úr heimildakafla, ásamt því að framfærslugrunnur hækkar 1. febrúar ár hvert í takt við hækkun neysluverðsvisítölu.



Mynd 20




Mynd 21

Aldursskipting styrkþega

Fjárhagsaðstoð 2013 - 2015 skipting eftir aldri			
	2014	2015	2016
20 ára og yngri	47	39	54
21 - 25 ára	122	90	66
26 - 67 ára	251	226	235
68 ára og eldri	5	8	4
Alls	425	363	359

Tafla 11

Nokkur breyting er á aldursskiptingu styrkþega í fjárhagsaðstoð milli áráanna 2015 og 2016 eins og sjá má í töflu 11 og á mynd 22. Þannig fjölga um 4% í yngsta hópnum þ.e. þeir sem eru 20 ára eða yngri fara úr 11% í 15% og einnig er 3% fjölgun í hópi 26-67 ára. Hins vegar fækka um 7% í hópi 21-25 ára sem fara úr 25% í 18% og hefur þeim því fækkað um 11% síðan 2014. Lítil breyting er á elsta hópnum sem eru 68 ára og eldri en þeim fækka um 1% milli ára, þess má geta að algengasta ástæða aðstoðar til 68 ára og eldri er vegna útfararkostnaðar.




Mynd 22

Grunnframfærsla og aðstoð skv. heimildakafla


Fjárhagsaðstoð skiptist skv. reglum Velferðarráðs Akureyrarbæjar í tvo hluta, annars vegar í framfærslu sem jafnframt er stærsti hlutinn og hins vegar í greiðslu samkvæmt svokölluðum heimildakafla reglna ráðsins. Framfærsla var á árinu 2016 alls 68% af heildarfjárhagsaðstoð, viðbótarframfærsla var óverulegur hluti eða 1% en greiðslur úr heimildakafla voru 31%. Greiðslur skv. heimildakafla eru af ýmsu tagi og má þar nefna; greiðslur til foreldra vegna barna á þeirra framfæri, greiðslur vegna lyfja- og læknskostnaðar, lán vegna tryggingargjalds í íbúð og kostnað vegna endurhæfingar. Greiðslur til Fjölsmiðu falla einnig undir heimildakafla og það gera einnig námsstyrkir og jólastyrkir (sérstök fjárhagsaðstoð í desember).

Samanburð á skiptingu fjárhagsaðstoðar á árunum 2014 – 2016 má sjá á mynd 23.




Mynd 23

Fjárhagsaðstoð um lengri eða skemmri tíma



Mynd 24


Styrkþegar fjárhagsaðstoðar þurfa oft á langtíma aðstoð að halda, sumir þiggja fjárhagsaðstoð um lengri tíma jafnvel árum saman en aðrir í nokkra mánuði. Þegar borin eru saman árin 2015 og 2016 sést að 179 eða 50,0% þeirra sem þáðu fjárhagsaðstoð árið 2016 gerðu það einnig árið áður, þetta er óveruleg aukning frá árinu áður þegar hlutfallið var 49,6% en fækkun frá 2014 þegar sama hlutfall var 52,9%, sjá myndir 24 og 25.



Mynd 25

Samfelld fjárhagsaðstoð í 3-6 mánuði og lengur.


Líkt og greint var frá áður þurfa þó nokkuð margir að þiggja fjárhagsaðstoð um langan tíma jafnvel í einhver ár. Athuganir á því hversu lengi samfelld fjárhagsaðstoð varir eru gerðar tvisvar á ári, um mitt ár og í árslok. Þegar fjárhagsaðstoð árið 2016 er skoðuð má sjá að fyrri hluta ársins voru 23 sem fengu aðstoð einu sinni eða oftar í hverjum mánuði í þrjá mánuði samfelld á móti 22 árið 2015, 20 fengu aðstoð í fjóra mánuði samfelld og 10 í fimm mánuði. Alls 36 styrkþegar fengu aðstoð einu sinni eða oftar í hverjum mánuði alla sex fyrstu mánuði ársins sem er sami fjöldi og árið 2015, sjá mynd 26.



Mynd 26


Heldur færri voru með langtíma samfellda fjárhagsaðstoð seinni helming ársins 2016 en eins og sést á mynd 27 voru 29 með samfellda aðstoð í þrjá mánuði á móti 32 á sama tíma árið áður. Alls 17 voru með samfellda aðstoð í fjóra mánuði og átta í fimm mánuði, þeir sem fengu aðstoð í sex mánuði samfelld á seinni hluta ársins 2016 voru 21 á móti 31 árið áður.

Það skal þó tekið fram að langflestir fengu fjárhagsaðstoð um skamma hríð eða í 1-3 mánuði.




Mynd 27

Þegar allt árið 2016 var skoðað m.t.t. langtíma samfelldrar fjárhagsaðstoðar kom í ljós að 11 styrkþegar eða 3,1% af heildarfjölda styrkþega höfðu fengið aðstoð einu sinni eða oftar í hverjum mánuði ársins sem er fækkun frá 2015 þegar fjöldinn var 18 eða 5% styrkþega, sjá mynd 28. Þrjú börn voru í þessum fjölskyldum.



Mynd 28

Þjónusta við nágrannasveitarfélög



Mynd 29

Nágrannasveitarfélögin Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit og Svalbarðsstrandahreppur eru aðilar að samningi um ráðgjafþjónustu við Akureyrarbæ. Íbúar þessara sveitarfélaga sækja sér ýmsa þjónustu til Fjölskyldudeildar skv. þeim samningi s.s. félagslega ráðgjöf og einnig er tekið við og unnið úr umsóknum um fjárhagsaðstoð. Fjöldi þeirra sem sótti sér slíka þjónustu árið 2016 var 20 sem er lítilleg fjölgun frá árinu 2015. Umsóknum um fjárhagsaðstoð fækkaði hins vegar milli árána 2015 og 2016 þær fóru úr 54 í 45.

Húsnæðismál

Á Fjölskyldudeild eru veittar upplýsingar og aðstoð til einstaklinga við að tryggja sér og fjölskyldu sinni húsnæði. Aðstoðin felst m.a. í því að leiðbeina einstaklingum við að sækja um húsnæði hjá Akureyrarbæ og Öryrkjabandalagi Íslands, húsaleigubætur og sérstakar húsaleigubætur. Úthlutun á almennu leiguhúsnæði og sérstöku húsnæði fyrir fatlað fólk svo og leiguíbúðum í eigu Brynju, hússjóðs ÖBÍ, er í höndum þriggja manna nefndar sem auk þess metur undanþágu- og forgangsbeiðnir. Nefndina skipa fulltrúar frá Fjármálaþjónustunni (Húsnæðisdeild), Fjölskyldudeild og Búsetudeild. Á árinu var veitt ráðgjöf vegna húsnæðismála í 69 skipti.

6.2 Sérhæfð félagsþjónusta

Auk almennrar ráðgjafar sinnir félagsþjónustan sérstakri ráðgjöf vegna fatlaðra barna og fullorðinna. Um er að ræða einstaklinga þar sem almenn úrræði hafa ekki reynst nægjanleg og leita hefur þurft eftir úrræðum er sérstaklega eru ætluð fötluðu fólki skv. lögum. Mikil samvinna er við Búsetudeild sem veitir mörgum þessara einstaklinga viðamikla þjónustu. Fækkun þjónustuþega var töluverð milli ára þar sem þó nokkur hluti þeirra hafði eingöngu fengið þjónustu frá atvinnu með stuðningi og eru því ekki með nú. Um það bil 440 einstaklingar, börn og fullorðnir, eru á skrá yfir þá sem hafa fengið einhverja þjónustu vegna fötlunar.

Samþætting þjónustu/teymisvinna

Í þjónustu við fatlað fólk og fjölskyldur þeirra skiptir samvinna fagaðila sem koma að þjónustunni miklu máli og er forsenda þess að þjónustan verði góð. Starfsfólk Fjölskyldudeildar vinnur að því að samþætta þessa þjónustu.

Teymisvinna í málum fatlaðra barna og fjölskyldna þeirra er veigamikill þáttur í starfi Fjölskyldudeildar. Hún felur í sér að allir þjónustu- og meðferðaraðilar sem koma að hverju barni vinna saman. Reglulega er fundað og fer fjöldi teymisfunda einkum eftir þörfum barnsins og

fjölskyldu þess. Lögð er á það áhersla að útbúa heppilega lausn í hverju máli fyrir sig. Í þessari vinnu eru ráðgjafar Fjölskyldudeildar í hlutverki tengiliða sem hafa yfirumsjón með verkefninu en þetta fyrirkomulag gefur öllum aðilum betri yfirsýn yfir þarfir barnsins og þá þjónustu sem barnið og fjölskylda þess þarfnast. Mikil samvinna er milli sérfræðinga í skólaþjónustu og ráðgjafa í málefnum fatlaðra og í einhverjum tilfellum heldur teymisvinnan áfram þegar ungmenni fara í framhaldsskóla. Teymisvinna í kring um fullorðið fatlað fólk sem þarfnast flókinnar þjónustu og mikillar samhæfingar milli kerfa hefur aukist töluvert á síðastliðnum árum.

Ráðgjafar í málefnum fatlaðs fólks veita öðrum deildum og stofnunum bæjarins ráðgjöf varðandi þjónustu og aðstoð við fatlaða einstaklinga. Auk þess er mikil samvinna við aðrar stofnanir sem koma að málefnum sameiginlegra skjólstaðinga og þjónustu við þá, bæði á Akureyri og á landsvísu.

Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)

Í desember 2012 samþykkti Akureyrarbær reglur um notendastýrða persónulega aðstoð. Reglurnar byggðu á leiðbeinandi reglum sem gefnar voru út af Velferðarráðuneytinu fyrir sveitarfélög að styðjast við. Verkefnið er samvinnuverkefni Fjölskyldudeildar og Búsetudeildar. Fyrstu samningarnir sem gerðir voru út frá nýju reglunum voru fjórir vegna fimm einstaklinga og höfðu allir nema einn verið með þjónustusamning áður. Á árinu 2016 voru gerðir sambærilegir samningar og verið höfðu, alls fimm samningar vegna sex einstaklinga. Um er að ræða þrjá fullorðna og þrjú börn.

NPA er tilraunaverkefni sem átti að ljúka í árslok 2014 en búið er að framlengja það um tvö ár eða til ársloka 2016.

Þetta þjónustuform hentar hópi fólks vel. Þróun samningagerðar mun halda áfram og einnig þarf að þróa frekar bestu lausnirnar varðandi það form sem Akureyrarbær gerir kröfur um á fjárhagslegum skilum.

Börn og fjölskyldur þeirra

Starfsmenn Fjölskyldudeildar bjóða upp á sérhæfða ráðgjöf til fjölskyldna fatlaðra barna sem á svæðinu búa. Ráðgjöfin snýr að því að upplýsa og leiðbeina foreldrum um þá þjónustu sem er í boði. Helstu verkefni eru auk snemmtækrar íhlutunar að útvega stuðningsfjölskyldur, meta umönnunarbörf og samþætting þjónustunnar.

Þjónusta við fötluð börn og fjölskyldur þeirra er oft flókin og mikilvægt að verkaskipting milli aðila sé skýr. Horft er til þess að hafa sveigjanleika og að tekið sé mið af þörfum barnsins og fjölskyldu þess á hverjum tíma. Þjónustan getur af þessum sökum verið breytileg frá einum tíma til annars.

Snemmtæk íhlutun

Á Fjölskyldudeild er unnið eftir hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar en mikilvægt er að styðja fjölskyldur yngstu barnanna strax þegar fötlun uppgötvast. Fyrstu kynni foreldra af þjónustunni og þeim aðilum sem veita hana skiptir miklu og þess vegna er sérstök áhersla lögð á þennan hluta hennar. Þroska- og leikþjálfun er í boði, tekið er þroskamat á börnum þegar það á við og fræðsla um fatlanir, uppeldi og möguleika á þjónustu er veitt til foreldra. Leikfangasafn er starfrækt á deildinni en það er búið sérhæfðum þjálfunargögnum til útláns. Auk yngstu barnanna hafa öll börn með sérkennslu á leikskólum á svæðinu aðgang að safninu.

Átta börn nutu snemmtækrar íhlutunar í heimahúsi á árinu 2016 sem er mikill fjöldi miðað við árin á undan.


Til að ná sem best til allra barna og auka möguleika á að finna börn með sérþarfir og þjónusta þau eru reglulegir samráðsfundir við barnadeild Sjúkrahússins á Akureyri og mikil samvinna er við Heilbrigðisstofnun Norðurlands.

Umönnunarmat

Framfærendur fatlaðra og langveikra barna eiga rétt á aðstoð frá Tryggingastofnun ríkisins ef sjúkdómur, andleg og/eða líkamleg hömlun hefur í för með sér sannanleg tilfinnanleg útgjöld og/eða sérstaka umönnun/gæslu. Hlutverk Fjölskyldudeildar er að gera tillögur til Tryggingastofnunar

varðandi umönnunarmat fyrir fötluð börn. Einnig aðstoðar deildin einstaka foreldra við útfyllingu gagna er varða umönnunarmat.

Í desember 2016 voru á skrá hjá Fjölskyldudeild 170 fjölskyldur með umönnunargreiðslur vegna fötlunar barna. Um er að ræða fjölgun um tvö börn, sjá mynd 30.



Mynd 30

Flest börnin eða 156 búa á Akureyri en 14 í öðrum sveitarfélögum á þjónustusvæðinu sjá töflu 12. Alls voru 64 umsóknir um umönnunargreiðslur afgreiddar á Fjölskyldudeild á árinu.

Fötluð börn á skrá 2016 - skipt eftir lögheimili					
	Umönnunarflokkar				
	1	2	3	4	Alls
Akureyri	8	54	78	16	156
Eyjafjarðarsveit	1	2	2	1	6
Grýtubakkahreppur		1	2		3
Hörgársveit		1	2	1	4
Svalbarðsstrandahreppur			1		1
Samtals	9	58	85	18	170

Tafla 12

Fötluð börn raðast í þrjá umönnunarflokka fyrsta, annan og þriðja flokk þar sem mest fötluðu börnin eru í flokki eitt. Í 4. flokki eru börn sem metin eru í sambærilegri stöðu og börn í 3. flokki eða bíða frekari greiningar á Greiningarstöð.

Þegar skoðuð er þróun síðustu 5 ára í skiptingu umönnunarflokka sést að heldur er að fækka í 2. flokki en fjölgunin er mest í 3. flokki og svo í þeim fjórða, tafla 13. Árið 2011 voru börn í 4. flokki ekki talin með en breytt vinnulag Tryggingastofnunar gerir það að verkum að börn sem áður hefðu farið í 3. flokk og þurfa þjónustu úr málaflokki fatlaðra eru nú í 4. flokki og eru talin með sem fötluð á þessu svæði, sjá töflu 13. Þessi breyting er ekki til bóta því hún getur haft áhrif á framkvæmd þjónustu við börnin og fjölskyldur þeirra og er til þess fallin að búa til misræmi á landsvísi þar sem skilgreiningar á því hvaða börn fá þjónustu helst oft í hendur við þessa flokkun. Þessar breytingar geta kallað á það að skilgreina þurfi upp á nýtt rétt til þjónustu og ekki er víst að það verði gert eins allstaðar á landinu.

Umönnunarbætur þróun 2011 - 2016						
Flokkur/ár	2011	2012	2013	2014	2015	2016
1	9	7	6	7	8	9
2	70	66	65	64	60	58
3	73	67	65	74	85	85
4	0	6	9	12	15	18
	152	146	145	157	168	170

Tafla 13

Stuðningsfjölskyldur

Stuðningsfjölskyldur eru í boði fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra skv. lögum um málefni fatlaðs fólks. Markmiðið er að létta álagi á fjölskyldur barna með fötlun og gefa börnunum möguleika á aukinni félagslegri þátttöku.

Fötluð börn geta oft á tíðum síður en önnur börn nýtt sér almenn tilboð á sviði íþróttar og tómstunda. Með því að veita börnum og fjölskyldum þeirra stuðningsfjölskyldu er reynt að rjúfa þá félagslegu einangrun sem fötlun barns í fjölskyldu getur haft í för með sér. Einnig gefur stuðningsfjölskylda börnunum tækifæri til að upplifa það að gista hjá vinum eins og börn almennt upplifa í nærumhverfi sínu.

Þörf fyrir stuðningsfjölskyldu er metin í hverju tilfelli fyrir sig út frá fötlun barns og aðstæðum fjölskyldu. Við matið er horft til aldurs barns, umönnunarbunga, stigs fötlunar og félagslegra aðstæðna. Við val á stuðningsfjölskyldu er tekið mið af þörfum fatlaða barnsins. Gerðir eru verktakasamningar við stuðningsfjölskyldur.

Á árinu 2016 voru 36 börn með stuðningsfjölskyldu frá einum upp í fimm sólarhringa á mánuði, sjá töflu 15. Alls voru veittir 868 sólarhringar í þessa þjónustu, sjá töflu 14. Miðað við árið á undan er um verulega fækkun sólarhringa að ræða en sami fjöldi barna. Mikill biðlisti myndaðist á árinu vegna skorts á stuðningsfjölskyldum en í árslok hafði ræst úr því en þá voru fjögur börn á bið eftir þjónustu.

Stuðningsfjölskyldur - þjónustusólarhringar			
	2014	2015	2016
Þjónustuflokkur I	420	416	296
Þjónustuflokkur II	352	464	245
Þjónustuflokkur III	80	112	327
Alls	852	992	868

Tafla 14

Fjöldi barna með stuðningsfjölskyldu			
	2014	2015	2016
Þjónustuflokkur I	9	10	9
Þjónustuflokkur II	19	21	11
Þjónustuflokkur III	3	5	16
Alls	31	36	36

Tafla 15

Styrkir til náms og tækjakaupa

Styrkir til náms og tækjakaupa eru veittir skv. 27. gr. laga um málefni fatlaðs fólks. Gerðar voru nýjar reglur á árinu og umsóknarferlið einfaldað. Styrkir til greiðslu námskeiðs- og skólagjalda voru látnir ganga fyrir styrkjum til tækjakaupa. Alls bárust 26 gildar umsóknir frá 25 einstaklingum á árinu.

Alls fengu 24 einstaklingar styrk, flestir vegna náms, einum var synjað. Heildarupphæð sem sótt var um var kr. 2.687.294 en úthlutað var kr. 1.502.471.

7 Skógarlundur



Mynd: Skógarlundur

Í Skógarlundi er fötluðu fólki veitt þjónusta í formi hæfingar og iðju, sbr. 26. gr. laga um málefni fatlaðs fólks frá 1992. Þar segir „*Fatlað fólk skal njóta félagslegrar hæfingar og endurhæfingar í þeim tilgangi að draga úr áhrifum fötlunar og auka hæfni til starfa sem og þátttöku í daglegu lífi. Starfrækja skal sérstakar hæfingar- og endurhæfingarstöðvar, sem og dagvistarstofnanir fyrir fatlað fólk sem geta veitt þroskaþjálfun, iðjuþjálfun og/eða starfsþjálfun.*“

Markhópur Skógarlunda er fatlað fólk sem ekki hefur getu til að starfa á vinnumarkaði og er á aldrinum 20 til 70 ára.

Markmið Skógarlunda eru m.a. eftirfarandi

- ★ Einstaklingur upplifi vellíðan og öryggi.
- ★ Efla frumkvæði einstaklings.
- ★ Efla alhliða þroska og sjálfstæði einstaklingsins.
- ★ Viðhalda og auka þá færni sem einstaklingur hefur náð.
- ★ Einstaklingur útskrifist í starfsþjálfun.

Tölulegar staðreyndir um þjónustu fyrir árið 2016

Samtals fengu 50 einstaklingur þjónustu í Skógarlundi á árinu 2016. Þjónustustundir voru 45.869 klukkustundir og fækkaði þeim frá árinu 2015. Ástæða fækkunar þjónustustunda er m.a. sú að fólk er farið að reskjust og er orðið getuminna og óskar eftir því að fara ekki í eins mikla þjónustu utan heimilis síns.

Flestir notendur voru í þjónustu hálfan daginn þ.e. fjórar klst. en fjórir einstaklingar fengu þjónustu umfram fjórar klst. á dag. Frá því á haustdögum er einungis einn notendi í þjónustu lengur en fjóra tíma á dag.

Einn einstaklingur sem er eldri en 70 ára fær þjónustu í Skógarlundi.

Þjónustunotendur

Breiður hópur fólks með ólíkar þjónustuparfir sækir sér þjónustu í Skógarlundinn. Flestir þjónustunotendur eru með þroskaraskanir, en einnig eru í þjónustu fólk með seinni tíma heilaskaða, fólk með einhverfu og fólk með samþætta sjón og heyrnarskerðingu (daufblindu). Búsetuform notenda er mismunandi. Allflestir búa einir í íbúðum og fá þar þjónustu. Nokkrir deila húsnaði með öðrum fötluðum einstaklingum og nokkrir búa í foreldrahúsum.



Mynd: diskur í vinnslu

Starfsmenn

Í árslok 2016 störfuðu 17 starfsmenn í Skógarlund í 14,92 stöðugildum auk sumarstarfsmanna. Þar störfuðu þroskaþjálfar þ.m.t. forstöðumaður, myndlistakennari, iðjuþjálfar, félagsliðar, íþróttafræðingur og almennir starfsmenn. Í stöðum almennra starfsmanna starfar einn leikskólakennari og einn sjúkraliði.

Í september var haldinn starfsdagur í Skógarlund. Nokkrir starfsmenn og forstöðumaður sóttu fræðslu sem boðið var uppá á árinu. Nokkrir sóttu ráðstefnu þjónandi leiðsagnar GTI2016 sem haldin var á Akureyri. Tveir starfsmenn útskrifuðust sem mentorar þjónandi leiðsagnar á árinu.

Innra starf

Starfsemin fer fram í vestur og suðurálmum Skógarlunda. Heimasvæði fólks er í annarri hvorri álmunni en fólk sækir tilboð í báðar álmur hússins og gefst það mjög vel.

Á árinu 2016 voru 25 einstaklingar með heimasvæði í hvorri álm.

Í vesturálmunni er fólk sem m.a. þarf mikla ummönnun. Þar byggir starfsemin á alhliða skynupplifun, líkamsþjálfun, boðskiptum, félags hæfni og tómstundum.

Starfsemin byggir einnig á léttum vinnuverkefnum, sköpun, félagsstarfi, umönnun og að njóta afþreyingar. Unnið er eftir hugmyndum um starf með fullorðnu fólki sem farið er að tapa starfsgetu og mikilvægi afþreyingar í lífi fólks.



Mynd: Náttúrulífsskoðun



Mynd: Gleði í samskiptum

Í suðurálmu er fólk sem er nokkuð virkt í starfi en þarf eftir sem áður aðstoð við ýmsar athafnir. Megináhersla þar er lögð á skapandi starf.

Í suðurálmunni voru þrjú vinnusvæði sem hvert fyrir sig hafði ákveðna sérhæfingu. Þessi svæði eru: textilsvæði, svæði þar sem unnið er með leir og gler og svæði þar sem unnið er við kortagerð og myndmennt ýmiskonar. Í suðurálmunni eru framleiddir listmunir og nytjamunir sem notið hafa mikilla vinsælda. Þó framleiðslan á deildinni sé í stöðugri þróun hefur aðeins dregið úr flóknari viðfangsefnum vegna minnkandi getu fólks. Áfram er unnið við plastverkefni frá PBI.



Mynd: Leikur með fallhlíf

Markmið með skapandi starfi eru m.a.

- ★ Gefa einstaklingum tækifæri til sköpunar
- ★ Þjálfar fin og grófhreyfingar
- ★ Efla fegurðarskyn og sköpunargleði
- ★ Efla sjón og snertiskyn
- ★ Læra að meðhöndla mismunandi efni s.s. liti, pappír, leir, gler og textíl efni
- ★ Stefna að því að listrænn afrakstur verði söluvara a.m.k. að hluta
- ★ Læra að endurnýta efni
- ★ Njóta afþreyingar

Þvert á álmur fer fram hópastarf. Í hópunum fer fram minningavinna, sögustundir, Boccia og tónlist. Skynörvun fer fram í skynörvunarherberginu og hafa allir aðgang að því herbergi.

Hugmyndafræði

Unnið er eftir hugmyndafræði **TEACCH** um skipulögð vinnubrögð og skynupplifun í báðum álmum hússins.

Skipulögð vinnubrögð er hugmyndafræði ætluð fólki með einhverfu og öðrum með alvarlegar boðskiptahamlanir. Þar er gengið út frá því að nýta sjónræna styrkleika og því eru útbúna myndrænar stundatöflur, rými er afmarkað á sjónrænan hátt og vinnukerfi útbúið eftir þörfum hvers og eins.

Hugmyndafræði **Þjónandi leiðsagnar** hefur verið innleidd í starfsemi Skógarlunda en þar er byggt á grunnhugmyndum um gagnkvæm tengsl og að við séum öll háð hvert öðru á einn eða annan hátt. Þjónandi leiðsögn gerir kröfur til þess að umönnunaraðili horfi inn á við og nýti það góða sem býr innra með hverjum manni og finni leiðir til að gefa af sér hlýju og skilyrðislausu umhyggju í garð annarra.

Þungamiðja þjónandi leiðsagnar

Þátttaka okkar í lífi annarra hefur þann megintilgang að kenna, hlúa að og viðhalda reynslu þeirra og upplifun af tengslum, vináttu og því að vera hluti af samfélaginu.

Allir einstaklingar eiga sína sögu, minningar, styrkleika og veikleika sem hefur áhrif á samskipti. Þjónandi leiðsögn leggur áherslu á að horfa til styrkleika manneskjunnar og mæta henni með **skilyrðislausri virðingu og umhyggju** í öllum aðstæðum.

Félagsstarf

Í Skógarlundi hefur frá upphafi verið lögð áhersla á lifandi félagsstarf í innra starfi. Árið 2016 var ekki ár breytinga í þeim efnum. Fimmtudaginn 9. desember var hin árlega jólagleði haldin, þar sem fram voru bornar veitingar að hætti Skógarlunda. Notendur skiptust á pökkum og balli var slegið upp með pompi og prakt. Hljómsveit Rögggu og Snorra sáu um að halda uppi fjörinu. Á árinu var böllum og kaffihúsastemmingu slegið upp nokkrum sinnum og margt annað til gamans gert.

Markaður og opið hús Aðventu- og jólamarkaður Skógarlunda var haldinn í nóvember og gekk hann býsna vel.



Mynd: Bakstur



Mynd: Unnið fyrir GTI2017

List án landamæra

Notendur tóku þátt í sýningum á vegum Listar án landamæra. Sýning á verkum þeirra var haldin í gluggum og á vegg í Pennanum Eymundsson. Sýningin vakti verðskuldaða athygli gesta og gangandi og hékk hún uppi fram á haustið. Opín hús voru haldin í maí í tengslum við List án landamæra og Dag góðra vekra. Nokkrir litu við og fengu kynningu um starfsemi Skógarlundar.



Mynd: Vinátta

Samstarf

Starfsfólk Skógarlundar er í góðu samstarfi við Plastiðjuna Bjarg Iðjulund með verkefni og þjónustu við notendur. Auk þess eiga starfsmenn gott samstarf við heimili þjónustunotenda og sjúkraþjálfunina á Bjargi.

Staðan í lok árs

Tveir þroskaþjálfar réðu sig til starfa í Skógarlund 2016 og íþróttافرæðingur réði sig í tímabundið afleysingastarf.

Eitt af því mikilvægasta í starfi með fötluðu fólki er öryggi og traust. Það er ekki sjálfgefið að traust myndist á milli notenda og starfsmanna, því getur verið erfitt að missa gott fólk og vanda þarf til vals á nýju fólki.

Þvert á álmur fer fram hópastarf. Í hópunum fer fram minningavinna, lesstundir, boccia, tónlist og vettvangsferðir.

Skynörvun fer fram í skynörvunarherberginu og hafa allir aðgang að því herbergi. Verið er að þróa skynörvunaherbergið til betra horfs. Meiri áhersla hefur verið lögð á einstaklingsáætlanir og einstaklingsvinnu í starfinu, sem og útiveru og hreyfingu.

Horft til nánustu framtíðar

Starfið í Skógarlundi er og verður í stöðugri þróun. Þróunin tekur mið af þörfum þeirra sem sækja þjónustuna. Eins tekur þróunin alltaf mið af hugmyndum í fötlunarfræðum. Fylgst er með þróun og nýjungum í þjónustu við fatlað fólk. Þegar horft er til framtíðar almennt, eru kannski ekki fyrirsjáanlegar stórtækar breytingar á starfsseminni frá því sem verið hefur. Rétt er þó að taka það fram að í starfi með fötluðu fólki verður aldrei kyrrstaða.



Vetur í Skógarlundi

8 Plastiðjan Bjarg – Iðjulundur



Mynd : Plastiðjan Bjarg – Iðjulundur

Plastiðjan Bjarg-Iðjulundur (PBI) er staður starfsendurhæfingar og starfsþjálfunar auk þess að vera vinnustaður fyrir fatlað fólk í ótímabundinni ráðningu. Meginuppistaða verkefna er létt iðnaðarframleiðsla og þjónusta. Framleiðsluvörur eru m.a. raflagnaefni, mjólkursíur, kerti, búfjármerki, rúmfatnaður, skilti og vettlingar. Stærsta þjónustuverkefnið er móttaka á einnota drykkjarvöruumbúðum fyrir Endurvinnsluna hf og tekið er á móti skilaskyldum umbúðum fyrir Norður- og Austurland og frá Ísafirði.

PBI er til húsa að Furuvöllum 1 og opnunartími er frá kl: 8-16 virka daga.



Mynd: Endurvinnslan

Hlutverk

PBI starfar skv. lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992. Í 9. grein kemur fram að starfrækja skuli verndaða vinnustaði og önnur ákvæði laganna kveða á um að fólk með fötlun skuli njóta félagslegrar hæfingar og endurhæfingar í þeim tilgangi að draga úr áhrifum fötlunar og auka hæfni þess til starfa og þátttöku í daglegu lífi.

Í lögnum er kveðið á um að þeir eigi rétt á þjónustu sem eru með andlega eða líkamlega fötlun og þarfnist stuðnings af þeim sökum. Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun og sjón- og heyrnarskerðingu. Enn fremur getur fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum, svo og slysum.

Á hverjum tíma nýtir fjöldi einstaklinga sér þjónustu á PBI og nauðsynlegt er að í boði séu fjölbreytt störf fyrir þann hóp.

Starfsendurhæfing og starfsþjálfun

Í starfsendurhæfingu og starfsþjálfun voru 41 einstaklingar í tímabundinni ráðningu á árinu 2016, 26 karlar og 15 konur, í 12 stöðugildum. Um er að ræða sama starfsmannafjölda og á árinu 2015.

Af ofangreindum fjölda fengu þrír einstaklingar starf á vegum Atvinnu með Stuðningi (AMS) sex einstaklingar fengu ótímabundna ráðningu, einn fór í nám og einn starfsmaður lést. Átta einstaklingar hættu og er staða þeirra óþekkt.

Vinnugeta starfsmanna er mis mikil og eru laun greidd skv. starfsmati Hlutverks -Samtaka um vinnu og verkþjálfun. Matið er ætlað til að meta vinnugetu og ákvarða röðun í launaflokka. Allir í starfsþjálfun og starfsendurhæfingu eru félagsmenn í Einingu- Iðju og njóta í öllu þeirra kjara sem félagsmenn Einingar-Iðju fá. Alls fóru þrír einstaklingar úr starfsendurhæfingunni í sumarvinnu á vegum Akureyrarbæjar sumarið 2016 í fimm vikur. Sumarvinnan hefur oft verið mikilvægt skref í átt að þátttöku á almennum vinnumarkaði. Eins og áður sagði hættu átta manns án þess að fá aðra úrlausn í atvinnumálum. Þar er um að ræða fólki með ýmis vandamál, s.s. geðsjúkdóma, áfengisvanda og önnur vandamál. Sú breyting varð á árinu að AMS fluttist frá Akureyrarbæ til Vinnumálastofnunar og fara nú allar umsóknir sem berast til PBI í gegnum Vinnumálastofnun þar sem sótt er um á sérstöku eyðublöðum. Helstu tilvísendur eru m.a. Geðdeild SAK, Endurhæfingardeild SAK á Kristnesi, Búsetudeild, Fjölskyldudeild, VMA, Starfsendurhæfing Norðurlands og VIRK Starfsendurhæfingarsjóður.

Markmiðið með starfsþjálfun og starfsendurhæfingu er að þjálfa einstaklinga til starfa og meta möguleika þeirra til vinnu á almennum vinnumarkaði. Á árinu var þróaður matslisti í starfsþjálfun til að auka skilvirkni og flýta fyrir aðkomu fatlaðra á almennan vinnumarkað.

Ótímabundin ráðning

Í ótímabundinni ráðningu (áður kölluð vernduð vinna) voru alls 22 einstaklingar árið 2016, 11 karlar og 11 konur. Hámarksstarfshlutfall er 50% en lágmark 20%. Einn starfsmaður fór í vinnu á vegum AMS og einn starfsmaður lést á árinu.

Laun starfsmanna í ótímabundinni ráðningu eru miðuð út frá vinnugetu skv. starfsmati Hlutverks. Með 30% laun voru sex manns, sjö voru með 50% laun, sjö voru með 70% og tveir með 90% laun. Starfsmenn eru félagsmenn í Einingu Iðju.

Einstaklingar í starfsendurhæfingu/starfsþjálfun og í ótímabundinni ráðningu fá örorku-eða endurhæfingalífeyri frá TR.

Annað starfsfólk

Yfirmenn og verkstjórar voru alls níu á árinu. Forstöðukona og rekstrarstjóri eru bæði í 100% starfshlutfalli, iðjuþjálfari/deildarstjóri starfsþjálfunar er í 80% starfshlutfalli, starfsráðgjafi/verkstjóri í sal er í 100% starfshlutfalli, verkstjóri í saumum o.fl. er í 100% starfshlutfalli, verkstjóri í búfjármerkjum er í 100% starfshlutfalli, verkstjóri í vélasal er í 100% starfshlutfalli, verkstjóri í kertum er í 50% starfshlutfalli og verkstjóri í Endurvinnslunni er í 100% starfshlutfalli. Þar að auki er flokkstjóri í 100% starfshlutfalli og starfsmaður í afgreiðslu í 100% starfshlutfalli og matráður var í 66,5% stöðu. Staða matráðs var lögð niður í ágúst 2016.

Í lok ársins eru 13 manns í verkamannastöðum á PBI, þar af níu í 100% stöðu, einn í 70% stöðu, einn í 50% stöðu, einn í 40%, einn í 34% og einn í 30%. Af þessum 13 verkamönnum eru sjö á örorkuvinnusamningum og tveir í sérstöku átaki á vegum Akureyrarbæjar.

Félagsstarf, fræðsla o.fl.

Á PBI er lögð áhersla á símenntun starfsmanna og eru fastir starfsmenn hvattir til að nýta sér námskeið og fræðslu sem í boði er á vegum Akureyrarbæjar og/eða stéttarfélaga. M.a. sóttu nokkrir starfsmenn alþjóðlega ráðstefnu um Þjónandi leiðsögn (Gentle Teaching) sem haldin var á Akureyri á haustdögum 2016 og byggir á grunnhugmyndum um gagnkvæm tengsl umönnunaraðila og notenda

þjónustu. Kristinn Torfason forstöðumaður og einn forsvarsmanna ráðstefnunnar um þjónandi leiðsögn kom jafnframt á PBI og hélt erindi um hugmyndafræðina fyrir starfsfólk. Þótti starfsmönnum erindið mjög áhugavert. Iðjuþjálfar PBI fóru á norræna ráðstefna um stafrænnið á vegum Virk. Einnig fóru nokkrir starfsmenn á námskeið um Jákvæðni og vellíðan í starfi og aðrir nýttu sér fræðsluerindi um núvitund. Öðru hvoru er reynt að brjóta upp hinn hefðbundna vinnudag. Eftir að lambamerkjavertíð lauk var haldin grillveisla, starfsmönnum var boðið á árshátíð Akureyrarbæjar, haldið var páskaþing fyrir alla starfsmenn með veglegum páskaeggjavinningum og jólahlaðborð var haldið í lok nóvember þar sem nokkrir starfsmenn stígu á stókk og sungu dægurlög við mikla hrifningu samstarfsfólks. Leikfimi er í boði tvisvar sinnum í viku fyrir og eftir hádegi.

Uppákomur sem þessar hafa félagslegt gildi og ýta undir góðan starfsanda.



Mynd: Starfsmenn PBI taka þátt í Öskudeginum

Samstarf

Samstarf og samráðsfundir eru á milli PBI og ýmissa stofnana ríkis- og sveitarfélaga varðandi verkefni og þjónustu við notendur. Fjórir nemar frá Starfsbraut Verkmenntaskólans á Akureyri komu í starfsþjálfun, 2 á vorönn og 2 á haustönn. Þeir fá ekki laun á starfsþjálfunartímanum. Nemendur frá sérdeildum grunnskólanna koma í vettvangsferð og fá fræðslu um starfsemi PBI og algengt er að leikskólabörn komi með kertaafganga að heiman og fái um leið kynningu á kertaframleiðslu. Iðjuþjálfanemi frá Háskólanum á Akureyri var í starfsnámi á PBI í 6 vikur og nemendur í Félagsliðabréu hjá Símei koma reglulega og fá kynningu á starfsemi PBI.

Verkefni

Verkefnastaða árið 2016 var ágæt. Sala á raflagnaefni jókst um 17 % á milli ára og aukning var í sölu dýfðra kerta svo og útikerta. Dreifing á kertum fer fram í góðu samstarfi við O. Johnson & Kaaber. Kostir þessa samstarfs er að sala á kertum hefur aukist og flutningskostnaður helst í lágmarki.

Aukning er í söfnun á kertastubbum og öðru vaxi til útikertagerðar. Þetta er grundvöllur þess að viðhalda stöðugri framleiðslu og sölu á útikertunum.

Aukning er á sölu búfjármerkja sem prentuð eru hjá PBI. Árið 2016 var markaðshlutdeildin í lambamerkjum um 65% en nánast 100% í öðrum merkjum. Merkjaprentunin eykur á fjölbreytni í vinnuverkefnum fyrir aðila sem hafa góða vinnugetu en þurfa starfsþjálfun. Rekstur Endurvinnslunnar hefur gengið vel

Bómullartuskum og efnum er safnað og unnir úr þeim tuskubaggar til að selja t.d. verkstæðum og útgerðarfélögum. PBI hefur m.a. fengið dygga aðstoð frá Rauða krossinum við söfnun efna sem og frá einstaklingum og ýmsum stofnunum á Akureyri.



Mynd: Jól

Afkoma

Heildartekjur PBI árið 2016 voru að fjárhæð kr. 128.851 þúsund í stað 123.712 þúsund árið 2015. Um er að ræða 4,15 % aukningu tekna milli ára en tekjur hafa verið að aukast jafnt og þétt á síðastliðnum árum.

Rekstur PBI var 80,1 % af fjárhagsáætlun sem gerð var fyrir rekstrarárið, það skýrist af auknum tekjum en einnig spilar þar inní lægri launakostnaður.